


Eitt hundrað

Blaðaspil



Guðmundur Páll
Arnarson

Eitt hundrað
blaðaspil



G. P. A.

Bækur frá GPA

Nútíma bridge (1999)

Standard töflur (2008)

Sveitakeppni (2008)

Íslenskar bridge þrautir (2009)

Bridge frá byrjun (2012)

Bridge sf 2015

gpa@simnet.is

898-5427

© Guðmundur Páll Arnarson

Öll réttindi áskilin

ISBN: 978-9979-9110-8-1

Formáli

„Þetta er blaðaspil,“ segja menn gjarnan þegar eitthvað merkilegt gerist við borðið. Það gæti verið fallegur skvís, hugmyndaþík sögn, ósvífin blekking, eða bara einhver óskilgreind skemmtilegheit, sem hreyfir við andanum. Blaðaspil eru alls konar.


Sú var tíðin að öll dagblöð landsins státuðu af bridsþætti. Nú er öldin önnur og aðeins Morgunblaðið stendur vaktina. Guð blessi íhaldið.

Undirritaður hefur skrifað dagdálk í Morgunblaðið frá 1981. Fyrstu árin var rými vel skammtað. Hægt var að sýna sagnir með skýringum og tvær eða fleiri stöðumyndir af sama spilinu. En orðið er dýrt og jafnvel íhaldið þarf að spara. Plássið hefur skroppið saman og sá samdráttur hefur fyrst og fremst bitað á þrautaþættinum. Með allar hendur uppi er svolítið marklaust að spyrja: „Hvað myndir þú gera, lesandi minn góður?“ Á hinn bóginn hefur þröngur stakkur þann mikla kost að neyða skrifara til að meitla mál sitt og skera burt óþarfa fitu.

Í þessari bók eru hundrað fituskertir þættir úr Morgunblaðinu frá síðustu árum (frá 2008). Þeir eru á hægri síðu, en á sömu opnu, vinstra megin, er dregið út eitt sjónarhorn þar sem vandi af ýmsum toga blasir við saklausum lesandanum. Það er þrautaþátturinn, sem margir sakna.

Með von um góða skemmtun.

Guðmundur Páll Arnarson



E F N I

1. Umfeðmingsbragð
2. Yfirfærsla
3. Unglingurinn
4. Blóði drifin saga
5. Borðtilfinning
6. Melurinn makker
7. Hrærivélin
8. Þreyttur Þjóðverji
9. Lögmál Murpheys
10. Í konuleit
11. Rifnir lönguhausar
12. Vonlaust verkefni
13. Hin æðstu gæði
14. Magnaður seiður
15. Þungur kóngur
16. Regla Hammans
17. Ósagðir hlutir
18. Of seint
19. Elli kelling
20. Ástin er blind
21. Draumfarir
22. Orðspor Zia
23. Úlafkreppa
24. Tvær í takinu
25. Stillt af stað

E F N I


26. Blóðug tár
27. Óþægileg tvíræðni
28. Tvöfaldur öfugur blindur
29. Óvissuferð
30. Fislétt úttektardobl
31. Kjarkmaður
32. Punktalögmálið
33. Sterk bein
34. Pólítískt bros
35. Ekkert hrós
36. Kaffispjall
37. Annað tækifæri
38. Öryggisspilamennska
39. Ástmögurinn
40. Jón og símanúmer
41. Litið um öxl
42. Hollendingurinn brosandí
43. Þögn og þula
44. Bergen og fleira
45. Satt og logið
46. Langur tími
47. Sparnaður
48. Sagnvísindi
49. Ungi maðurinn
50. Hönnuð atburðarás

E F N I

51. Góð ráð
52. Fjaðrafok
53. Skyldan kallar
54. Besta spilið
55. Kassinn
56. Ábending frá almættinu
57. Kyrrlát fegurð
58. Sulta
59. Stund sannleikans
60. Eftirsjá
61. Óður til þagnarinnar
62. Bananasalan
63. Jakobssvíning
64. Póstmóðernískar sagnir
65. Regla eitt
66. Þókertaktar
67. Stirðnað bros
68. Sundurgerðarmaður
69. Blaðsíða þrjú
70. Meistarataktar
71. Naumur tími
72. Hefðarréttur
73. Sá gamli
74. Með og móti
75. Lögmálið snuprað

E F N I

76. Styrjuhrognið
77. Andardráttur
78. Fjandinn laus
79. Deyfð
80. Vont bötlerspil
81. Viðsnúinn Lightner
82. Tveggja-þrepa lyf
83. Eftirmálinn
84. Dauft sagneyra
85. Veikindi
86. Kínversk slemma
87. Gunnar greifi
88. Pókerspilarinn
89. Yfirfærsla
90. Hugmyndaríkt dobl
91. Persónuleikapróf
92. Hrekkjusvínið
93. Meðalhófið
94. Venus
95. Gaffall Mortons
96. Útsýnisferð
97. Sorglegur endir
98. Ameríkuferðir Júlla
99. Gafflaður
100. Blaðaspil



Þraut 1

N-Allir / Sveitakeppni

Norður

♠ G7

♥ 107

♦ KDG872

♣ Á94

Austur (þú)

♠ 542

♥ ÁG63

♦ 1064

♣ K108

Útspil: ♥5



Vestur	Norður	Austur	Suður
—	1 ♦	pass	1 ♠
pass	2 ♦	pass	3 ♣ ¹
pass	3 ♦	pass	4 ♠
allir pass			

(1) Geimkrafa, styrkur í laufi.

Makker spilar út ♥5 (þriðja hæsta), þú tekur á ásinn (fjarkinn frá sagnhafa) og ...

... gerir hvað?

1. Umfeðmingsbragð

26.3 2008

Norður

♠ G7
♥ 107
♦ KDG872
♣ Á94

Vestur

♠ D8
♥ K852
♦ 953
♣ D765

Austur

♠ 542
♥ ÁG63
♦ 1064
♣ K108

Suður

♠ ÁK10963
♥ D94
♦ Á
♣ G32

Suður spilar 4♠.

Hjördís Eyþórsdóttir og Valerie Westheimar voru að æfa sig á Bridgebase-vefnum fyrir skömmu. Þær voru í A-V, í vörn gegn 4♠. Norður vakti á 1♦, suður sagði 1♠ og norður 2♦. Suður krafði nú í geim með 3♣, fékk enn eina tígulsögnina frá makker sínum og lauk þá sögnum með 4♠. Valerie kom út í ómeldaða litnum (hjarta) og Hjördís tók fyrsta slaginn á ♥Á.

Samningurinn er augljóslega veikur, en vinnst þó ef vörnin spilar ekki laufi hið fyrsta. Hjördís gerði sér grein fyrir alvöru málsins og skipti yfir í *lauftíu* í öðrum slag.

Þannig vafði hún gosanum um fingur sér og byggði upp gaffal yfir blindum. Sagnhafi lét gosann heima og drap drottninguna með ás. Spilaði svo hjarta. Valerie átti þann slag og sendi lauf í gegnum ♣94, þar sem Hjördís lá á eftir með ♣K8. Einn niður, þá þegar, og svo fylgdi annar slagur á ♠D síðar eftir misheppnaða svíningu.

Þraut 2

V-Enginn / Sveitakeppni



Suður (þú)

♠ ÁKDG

♥ 97

♦ 8743

♣ DG5

Vestur	Norður	Austur	Suður
4 ♥	pass	pass	?

Hvað hyggstu gera?

2. Yfirfærsla

8.4 2008

Norður

♠ 532

♥ 64

♦ ÁG102

♣ ÁK43

Vestur

♠ 8

♥ KDG108532

♦ 65

♣ 72

Austur

♠ 109764

♥ Á

♦ KD9

♣ 10986

Suður

♠ ÁKDG

♥ 97

♦ 8743

♣ DG5

Suður spilar 4♠.

Það er dómur reynslunnar að ekki þurfi stórkostlegan lit til að melda 4♠ við opnun mótherja á 4♥. Hinir gamansömu orða það svo að opnun andstæðings á 4♥ sé yfirfærsla í 4♠ – hjá þeim. Flestir setja neðri mörkin við góðan fimmlit, en það eru undantekningar á öllu. Hér vakti vestur á 4♥ og sú sögn gekk til suðurs, sem lét sig hafa það að melda 4♠.

Útspilið var ♥K, austur lenti inni á ♥Á og skipti yfir í lauf. Sagnhafi gekk einbeittur að verki sínu: tók öll trompin, fjóra slagi á lauf og spilaði loks tígli á gosa. Í lokin varð austur að spila upp í tígulgaffal og gefa þar tíunda slaginn.

Unnið spil, þrátt fyrir hellegu í spaða. Þetta gerist furðu oft og ástæðan er sambandsleysi varnarinnar – það breytir litlu þótt sagnhafi missi vald á trompinu.

Þraut 3

A-NS / Sveitakeppni



Suður (þú)

♠ Á6

♥ Á1095

♦ K1084

♣ Á94

Vestur	Norður	Austur	Suður
—	—	2 ♠ ¹	dobl
4 ♠	5 ♠	pass	6 ♦
pass	6 ♥	pass	pass
6 ♠	pass ²	pass	7 ♥
7 ♠	dobl	pass	?

(1) Veikir tveir.

(2) Kröfupass.

Hvað viltu segja?

3. Unglingurinn

29.4 2008

Norður

♠ —
♥ D6432
♦ ÁG5
♣ KD532

Vestur

♠ DG982
♥ G
♦ 9732
♣ G107

Austur

♠ K107543
♥ K87
♦ D6
♣ 86

Suður

♠ Á6
♥ Á1095
♦ K1084
♣ Á94

Suður spilar 7G.

„Fyrir framgöngu sína í þessu spili legg ég til að Símon sækji um inngöngu í unglíngalandsliðið,“ sagði keppnisstjórinn Björgvin Már Kristinsson, sem var kominn inn í sýningarsal að fylgjast með lokasprettinum í úrslitaleik Breka og Grant Thorntons í Íslandsmótinu.

Liðsmenn Breka fórnðu í 6♠ yfir 6♥ – 1100 fyrir 1430. Fórnin var líka reynd á hinu borðinu, en þar gekk illa að komast framhjá hinum síunga Símoni Símonarsyni.

Steinar Jónsson vakti á 2♠, sem Símon doblaði. Jónas P. Erlingsson stökk í 4♠ og Rúnar Magnússon í norður krafði í slemmu með 5♠. Rúnar breytti síðan 6♦ Símonar í 6♥ og sú sögn gekk til Jónasar, sem ákvað að fórna í 6♠.

Áhorfendur bjuggust við að sögnum lyki þar, en Rúnar kröfupassaði og Símon harkaði sér í 7♥. Jónas fórnaði aftur og þrátt fyrir viðvörunardobl Rúnars blés Símon í sig kjarki og sagði 7G! Símon drap spaðaútsplið, spilaði laufi á blindan og ♥D út – 2220, 15 stig og titillinn með.

Þraut 4

S-AV / Sveitakeppni

Vestur (þú)

♠ —

♥ DG10732

♦ DG932

♣ 107



Vestur	Norður	Austur	Suður
—	—	—	2 ♠ ¹
pass	4 G ²	pass	5 ♦ ³
pass	6 ♠	dobl ⁴	allir pass

- (1) Veikir tveir.
- (2) Lykilspilaspurning.
- (3) Eitt lykilspil (af fimm).
- (4) Útspilsdobl.

Hvað segir Lightner um þetta?

4. Blóði drifin saga

28.6 2008

Norður

♠ G963

♥ Á6

♦ ÁK107

♣ ÁD2

Vestur

♠ —

♥ DG10732

♦ DG932

♣ 107

Austur

♠ Á108

♥ 9854

♦ —

♣ K98653

Suður

♠ KD7542

♥ K

♦ 8654

♣ G4

Suður spilar 6♠ doblaða.

Útspilsdobl á slemmum eru hluti af sagntólum keppnispilara og hafa verið frá því að Theodore Lightner setti fram reglur sínar árið 1929. Saga útspilsdobla er því orðin býsna löng – og blóði drifin, myndu sumir vilja bæta við. Þrátt fyrir allar reglur Lightners er nefnilega alls ekki víst að makker rati á rétta útspilið. Mörg dæmi um hið gagnstæða blasa við frá EM í Pau og hér eitt:

Ítalinn Sementa opnaði á 2♠, veikum, og makker hans, Angelini, keyrði í slemmu eftir stuttan stans í áspurningu. Í austur sat Serbinn Djuricic, sem doblaði 6♠ til að segja makker sínum að hitta nú á rétta útspilið og vestur var ekki lengi að koma út í lengsta lit með ♥D.

Sementa sótti ♠Á, henti laufi í ♥Á og djúpsvínaði svo ♦7 – enda vissi Sementa vel að austur átti eyðu í *tígli!*

Það er ekki við vestur að sakast. Enginn litur hafði verið nefndur til hliðar við trompið og þá er ætlast til að spilað sé út í lengsta lit til að reyna að gefa makker stungu.

Þraut 5

S-Allir / Sveitakeppni

Norður

♠ ÁK64

♥ D6

♦ Á104

♣ Á762

Útspil: ♦6



Suður (þú)

♠ D8

♥ Á109842

♦ 2

♣ KD109

Þú spilar 6♣ án afskipta A-V af sögnum.

Þú tekur tígulútsplið með ás, spilar trompi þrisvar (þau koma 3-2) og síðan ♥D úr borði.

Austur lætur lítið hjarta.

Hefurðu skoðun á því?

5. Borðtilfinning

10.7 2008

Norður

♠ ÁK64

♥ D6

♦ Á104

♣ Á762

Vestur

♠ G9752

♥ K

♦ G765

♣ 543

Austur

♠ 103

♥ G753

♦ KD983

♣ G8

Suður

♠ D8

♥ Á109842

♦ 2

♣ KD109

Suður spilar 6♣.

Keppendur Evrópumótsins fóru unnvörpum niður á laufslemmuni að ofan. Spilamennskan var í grunninn sú sama: Tígulútsplið drepið með ás, trompin tekin í þremur umferðum og ♥D látin svífa til vesturs. Síðar var ♥Á lagður niður, en með eitt tromp eftir í borði var nú engin leið ráða við ♥G-fjórða í austur.

Þessi spilamennska er ekki óeðlileg og hitt er síst betra að svína ♥10 síðar, eins og einstaka maður gerði. En Geir Helgemo sýndi hvernig best er að standa að málum. Hann byrjaði eins og aðrir á því að taka trompin og spila svo ♥D úr borði. Austur lét lítið átakalaust og Geir réri fram í gráðið drjúga stund. Loks stakk hann upp hjartaás og var verðlaunaður með kóngnum.

Geir treysti borðtilfinningunni – að austur hefði lagt á með ♥KGxx.

Þraut 6

V-Allir / Rúbertubrids



Suður (þú)

♠ 954

♥ 97532

♦ G1064

♣ 6

Vestur	Norður	Austur	Suður
1 G ¹	dobl ²	redobl ³	?

(1) 15-17 HP.

(2) „Ég á góð spil.“

(3) „Ég líka.“

Viltu blanda þér í þessa umræðu?

6. Melurinn makker

12.8 2008

Norður

♠ D102

♥ G8

♦ Á

♣ ÁKD10732

Vestur

♠ ÁG86

♥ KD4

♦ KD85

♣ 84

Austur

♠ K73

♥ Á106

♦ 9732

♣ G95

Suður

♠ 954

♥ 97532

♦ G1064

♣ 6

Suður spilar 2♣ redobluð.

Oft reynir á tilfinningalegt þanþol spilara. Horfum til suðurs: Vestur vakti á 1G (15-17) og norður doblaði. Austur hnyklaði vöðvana með redobli og suður bjóst við hinu versta. Hvað átti hann að gera?

Suður reiknaði með að grandíð ynnist auðveldlega, en frekar en að flýja í 2♥ sá hann leið til að halda fleiri litum inni í myndinni – melda 2♣ á stuttlitinn og SOS-redobla síðan til að láta norður velja á milli hinna litanna. Makker hlyti að skilja það.

Eins og vænta mátti doblaði austur 2♣ og suður redoblaði í flóttaskyni. Allt virtist þetta ætla að ganga eftir áætlun, nema hvað þá tók melurinn makker óvænt upp á því að passa redoblið!

Menn geta ímyndað sér framhaldið: djúpa örvæntingu suðurs, sem síðan breyttist í himinsælu þegar blindur kom upp. Það þarf sterk bein til að spila brids.

Þraut 7

N-AV / Sveitakeppni

Norður

♠ D8

♥ K5

♦ KG92

♣ ÁDG72

Útspil: ♦3



Suður (þú)

♠ ÁG10952

♥ 96

♦ Á86

♣ K4

Vestur	Norður	Austur	Suður
—	1 G	pass	4 ♠

allir pass

Vestur spilar út ♦3 – þriðja/fimmta.

Þú lætur lítið úr borði og austur drottninguna.

Hvernig viltu spila?

7. Hrærivélin

4.9 2008

Norður

♠ D8

♥ K5

♦ KG92

♣ ÁDG72

Vestur

♠ 643

♥ G10743

♦ 3

♣ 8653

Austur

♠ K7

♥ ÁD82

♦ D10754

♣ 109

Suður

♠ ÁG10952

♥ 96

♦ Á86

♣ K4

Suður spilar 4♠.

Hrærivélar eru nauðsynleg tæki í hvert eldhús. Þegar Hrólfur Hjaltason var ungur maður var töluvert auglýst af vélum frá Kenwood. Þessar auglýsingar vöktu athygli Hrólfs, sem naut þess að hræra upp í stöðum við spilaborðið og þótti ekki verra að hafa til þess sérsníðað tæki. Það sem áður var kallað að grugga vatnið hét nú að setja Kenwood í gang.

Austur var við hrærivélina í spili dagsins. Vestur kom út með einspilið í tígli, lítið úr borði og austur lét *drottninguna!* Sá að eitthvað yrði að gera. Sagnhafi gaf sér að vestur ætti ♦10 og væri að spila út frá langlit, hugsanlega fimmlit. Frekar en að hætta á svíningu í trompi spilaði suður því ♠Á og spaða. Austur fékk slaginn, gaf makker sínum stungu með ♦10 (skepna) og fékk hjarta í gegn.

Flottur Kenwood.

Þraut 8

N-Allir / Sveitakeppni

Norður

♠ KG92

♥ Á4

♦ Á1097

♣ ÁK4

Útspil: ♥2



Suður (þú)

♠ ÁD765

♥ 65

♦ K65

♣ D107

Samningurinn er 6♠ og útspilið smátt hjarta.

Hvernig er best að spila?

8. Preyttur Þjóðverji

19.10 2008

Norður

♠ KG92

♥ Á4

♦ Á1097

♣ ÁK4

Vestur

♠ 104

♥ KG972

♦ D42

♣ 985

Austur

♠ 83

♥ D1083

♦ G83

♣ G632

Suður

♠ ÁD765

♥ 65

♦ K65

♣ D107

Suður spilar 6♠.

Menn geta ruglast í ríminu í löngum mótum. Í viðureign við Hollendinga í 8-liða úrslitum heimsleikanna fékk Þjóðverjinn Josef Piekarek út hjarta gegn 6♠. Hvernig myndi lesandinn spila?

Ef til vill eins og Hollendingurinn Huub Bertens á hinu borðinu. Hann fékk líka út hjarta, tók með ás og tvisvar tromp. Hreinsaði upp laufið og sendi vörnina inn á hjarta.

Það gefur samninginn strax að spila í tvöfalda eyðu og því er illskárra að opna tígulinn, þótt það dygði ekki. Austur skipti yfir í ♦G, en sagnhafi drap heima og svínaði fyrir ♦D í vestur. Vanur maður.

En hvað gerði Piekarek? Hann tók fimm sinnum spaða (?!) og fór á endanum þrjá niður. Skýringin kom í ljós síðar – Piekarek hélt að hann væri að spila *sex grönd* en ekki sex spaða.

Þraut 9

S-AV / Sveitakeppni

Norður

♠ Á96

♥ ÁD

♦ 643

♣ ÁG952

Útspil: ♦10



Suður (þú)

♠ KD1087

♥ —

♦ ÁKDG85

♣ 86

Vestur	Norður	Austur	Suður
—	—	—	1 ♦
pass	2 ♣	pass	2 ♠
pass	3 G	pass	5 ♠
pass	7 ♦	allir pass	

Sagnir eru hráslagalegar en árangursríkar,
því slemman er verulega góð. Þó ekki skotheld.

Hvað ber að varast?

Útspilið er ♦10 og vestur reynist eiga þrjú tromp.

9. Lögmál Murpheys

28.1 2009

Norður

♠ Á96

♥ ÁD

♦ 643

♣ ÁG952

Vestur

♠ —

♥ 10865432

♦ 1097

♣ 1074

Austur

♠ G5432

♥ KG97

♦ 2

♣ KD3

Suður

♠ KD1087

♥ —

♦ ÁKDG85

♣ 86

Suður spilar 7♦.

Samkvæmt „lögmáli Murpheys“ klúðrast allt á endanum sem mögulega getur klúðrast. Reynslan kennir spilurum að virða lögmál Murpheys, enda stendur það föstum fótum í líkindafræði. Á bridsmáli má orða lögmálið þannig: Sé yfirhöfuð möguleiki á slæmri legu, þá mun sú lega dúkka upp, fyrir eða síðar. Gildir einu hversu ólíkleg hún er.

Aðeins slæm spaðalega setur alslemmu suðurs í hættu. Vestur trompar út og suður tekur þrjá efstu í tígli og fer svo í spaðann. Hafi sagnhafi ekki brennt sig áður á lögmáli Murpheys þá gæti hann í fljótfærni lagt niður ♠K. En eftir þá byrjun er ekki hægt að ráða við gosann fimmta og austur mun fá slag á spaða í lokin. Réttu íferðin er að taka fyrst á ásinn.

Líkur á öllum spöðunum í austur eru innan við 2%. Ekki mikið, en nógu mikið.

Þraut 10

N-Allir / Sveitakeppni

Norður

♠ 8763

♥ K82

♦ KG987

♣ Á

Útspil: ♠ 2



Suður (þú)

♠ 4

♥ Á9654

♦ Á632

♣ KD6

Vestur	Norður	Austur	Suður
—	1 ♦	1 ♠	2 ♥
pass	3 ♥	pass	4 ♥
allir pass			

Austur drepur á ♠K og spilar ♠Á í öðrum slag.

Suður trompar og tekur ÁK í trompi.

Þá kemur í ljós að austur á tvo slagi á tromp.

Hvernig á að halda áfram?

10. Í konuleit

14.2 2009

Norður

♠ 8763
♥ K82
♦ KG987
♣ Á

Vestur

♠ D92
♥ 7
♦ 104
♣ 9875432

Austur

♠ ÁKG105
♥ DG103
♦ D5
♣ G10

Suður

♠ 4
♥ Á9654
♦ Á632
♣ KD6

Suður spilar 4♥.

„Ég vissi upp á hár hvar drottningin var – ég bara fann hana ekki.“ Bridshöfundurinn Frank Stewart er oft með skáldaðar tilvitnanir í bandaríska hafnaboltaspilarann Yogi Berra, en sá er frægur fyrir frumleg og mótsagnakennd spakmæli: „Enginn fer á þennan veitingastað lengur – það er allt of troðið,“ er þekkt dæmi.

Sá sem sat í sæti sagnhafa hér gæti vel hafa afsakað sig í anda Berra, enda auðvelt að finna ♦D. Austur sagði 1♠ við tígulopnun norðurs og vestur kom þar út með tvistinn, þriðja hæsta. Sagnhafi trompaði spaða númer tvö, tók næst ♥Á-K og sá leguna. Í ljósi þess að austur átti fjölda hálitaspila svínaði sagnhafi ♦G án frekari málalenginga og spilið hrundi. Klaufalegt, því með því að taka þrisvar lauf kemur í ljós að austur á nákvæmlega tvílit í tígli.

Praut 11

S-AV / Sveitakeppni

Norður

♠ K82

♥ ÁDG53

♦ KG53

♣ 9

Útspil: ♣ 10



Suður (þú)

♠ ÁG10976

♥ K108

♦ Á

♣ G43

Vestur	Norður	Austur	Suður
—	—	—	1 ♠
pass	2 ♥	pass	2 ♠
pass	4 G	pass	5 ♥
pass	6 ♠	allir pass	

Austur tekur fyrsta slaginn á ♣ D og spilar ♣ Á í slag tvö.

Hvar er trompdrottningin?

11. Rifnir lönguhausar

25.3 2009

Norður

♠ K82
♥ ÁDG53
♦ KG53
♣ 2

Vestur

♠ 3
♥ 976
♦ D10864
♣ 10986

Austur

♠ D54
♥ 42
♦ 972
♣ ÁKD75

Suður

♠ ÁG10976
♥ K108
♦ Á
♣ G43

Suður spilar 6♠.

„Vel gert!“ Barry Rigal var ánægður með makker sinn, Alex Ornstein, fyrir að renna heim vafasamri slemmu, sem Rigal var að mestu ábyrgur fyrir í sögnum. Rigal var í norður og leist svo vel á spilin sín eftir spaðaopnun makkers að hann linnsti ekki látum fyrr en í 6♠.

Slemman byggist á því að finna trompdrottninguna og það vafðist sem sagt ekki fyrir Ornstein. Útspilið var lauf, austur drap á drottninguna og spilaði ásnum. Ornstein trompaði, tók spaðakóng og svínaði gosanum í næsta hring. Unnið spil.

„Af hverju valdirðu að svína?“ spurði Rigal síðar í góðu tómi: „Var það vegna þess að austur spilaði laufinu aftur?“

„Nei, alls ekki,“ sagði Ornstein. „En ég tók eftir því að austur geispaði þrisvar og enginn er svo syfjaður við spilaborðið.“

Þraut 12

S-Allir / Tvímenningur

Vestur (þú)

♠ DG2

♥ ÁG54

♦ 954

♣ G102



Vestur	Norður	Austur	Suður
—	—	—	1 ♥
pass	2 ♦ ¹	pass	3 ♣
pass	3 ♦	pass	3 G
pass	4 G ²	pass	5 ♥
pass	6 G	allir pass	

(1) Geimkrafa.

(2) Óljós merking, en skilið sem ásaspurning.

Hvar viltu koma út?

12. Vonlaust verkefni

9.4 2009

Norður

♠ 75

♥ 2

♦ ÁKDG87632

♣ 8

Vestur

♠ DG2

♥ ÁG54

♦ 954

♣ G102

Austur

♠ 108643

♥ 1097

♦ 10

♣ K543

Suður

♠ ÁK9

♥ KD863

♦ —

♣ ÁD976

Suður spilar 6G.

„Ég vildi ekki láta vörnina spila í gegnum borðbúnaðinn hjá makker,“ sagði norður afsakandi og bætti við að „þetta væri nú tvímenniur.“

Það er auðvelt að hafa samúð með þessum sjónarmiðum norðurs: Suður vakti á 1♥, norður krafði í geim með 2♦ og suður sýndi lafið á þriðja þrepi. Norður ítrekaði tígulinn (skiljanlega) og suður stakk upp á 3G. Nú tók norður stefnuna á slemmu, spurði um ása, fékk upp tvo og göslaðist þá í sex grönd.

Sá samningur myndi flokkast undir *mission impossible* með níu slagi á tígul dæmda til útleðar í blindum. En fáir samningar eru alveg vonlausir: Eftir ítarlegar spurningar út í sagnir ákvað vestur að taka gætinn pól í hæðina og spila út „hlutlausum“ tígli.

Þetta var sönn saga frá vorleikunum í Houston.

Þraut 13

S-Enginn / Rúbertubrids

Norður

♠ D

♥ ÁDG983

♦ DG8

♣ D82

Útspil: ♠ 2



Suður (þú)

♠ ÁKG106

♥ 7

♦ Á104

♣ ÁKG9

Vestur	Norður	Austur	Suður
—	—	—	1 ♠
pass	2 ♥	pass	3 ♣
pass	3 ♥	pass	4 G
pass	5 ♦	pass	7 G!
pass ¹	pass	pass	

(1) Greinileg umhugsun.

Nú er að réttlæta sagnhörkuna.

13. Hin æðstu gæði

14.4 2009

Norður

♠ D
♥ ÁDG983
♦ DG8
♣ D82

Vestur

♠ 8532
♥ K62
♦ K632
♣ 76

Austur

♠ 974
♥ 1054
♦ 975
♣ 10543

Suður

♠ ÁKG106
♥ 7
♦ Á104
♣ ÁKG9

Suður spilar 7G.

Fyrir suma er uppskriftin að hamingjunni sú að stunda brids á veturna og golf á sumrin. Stórspilarar eins og Zia, Meckstroth og Forrester eru allir ástríðufullir áhugamenn um „högglistina“ og margir íslenskir bridsmenn hafa leiðst út í golfið á miðjum aldri. En hitt er líka til að atvinnumenn í golfi slappi af yfir spilum. Einn slíkur er Arnold Palmer. Hann var með hönd suðurs og fékk út spaða gegn 7G.

Vel heppnuð svíning í tígli myndi skila þrettán slögum, en vestur hafði hikað örlítið áður en hann gaf lokapassið og það fór ekki framhjá Palmer. Hann ákvað því að staðsetja rauða kóngaparið í vestur: Lagði niður ♦Á (Vínarbragð), tók síðan alla svörtu slagina og þvingaði vestur niður á ♥Kx. Með svíningu í hjarta fékk blindur síðustu þrjá slagina á ♥ÁDG.

Örn.

Þraut 14

S-AV / Sveitakeppni

Norður

♠ 96

♥ ÁG863

♦ Á94

♣ 1096

Vestur (þú)

♠ 85

♥ KD1092

♦ D108

♣ KG5



Vestur

—

pass

Norður

—

pass

Austur

—

pass

Suður

4 ♠

Þrátt fyrir snubbóttar sagnir er útspilið ekkert vandamál: hjartakóngur.

Hann á slaginn.

Hvað viltu gera næst?

14. Magnaður seiður

20.4 2009

Norður

♠ 96
♥ ÁG863
♦ Á94
♣ 1096

Vestur

♠ 85
♥ KD1092
♦ D108
♣ KG5

Austur

♠ G2
♥ 75
♦ KG75
♣ ÁD432

Suður

♠ ÁKD10743
♥ 4
♦ 632
♣ 87

Suður spilar 4♠.

Hvaða seið þarf að magna til að skapa tíunda slaginn í fjórum spöðum? Það blasir ekki beinlínis við. Útspilið er hjartakóngur.

Tæknilega sinnaður spilari myndi reyna að fella ♥D. Drepa á ♥Á og trompa hjarta. Vonin er þá sú að hjarta-hjónin séu annað hvort blönk eða þriðju með stökum ♠G í vörninni, en þá fæðist innkoma á spaðaníu. Ekki líklegt, en betra en ekkert.

Ítalski snillingurinn Lorenzo Lauria var í sæti sagnhafa og hann leit allt öðrum augum á málið. Sá þetta sem sálfræðilega þraut, en ekki tæknilega. Hann gaf einfaldlega ♥K í fyrsta slag!

Vestur taldi víst að sagnhafi myndi ekki dúkka með ein-spil og spilaði hjarta áfram í því augnamiði að gefa féлага sínum stungu. Það fór á annan veg, Lauria svínaði ♥G og fékk þar tíunda slaginn.

Praut 15

A-AV / Sveitakeppni

Norður

♠ 75
♥ K987
♦ K103
♣ D1064

Útspil: ♠D



Austur (þú)

♠ ÁK10
♥ DG102
♦ 5
♣ G9752

Vestur	Norður	Austur	Suður
—	—	1 ♦ ¹	1 G
pass	2 ♣ ²	pass	2 ♠
pass	3 G	pass	pass
dobl	allir pass		

(1) Precision, lofar ekki tígli.

(2) Stayman.

Þú yfirdrepur ♠D makkers með kóng, tekur á ♠Á og spilar tíunni. Nú yfirtekur makker og innbyrðir fjórða varnarlaginn á spaðaníu.

Og þá er það spurningin:

Hverju hendirðu í spaðaníuna?

15. Þungur kóngur

4.5 2009

Norður

♠ 75
♥ K987
♦ K103
♣ D1064

Vestur

♠ DG98
♥ 653
♦ 7642
♣ K8

Austur

♠ ÁK10
♥ DG102
♦ 5
♣ G9752

Suður

♠ 6432
♥ Á4
♦ ÁDG98
♣ Á3

Suður spilar 3G dobluð.

Í gamaldags Precision-sagnkerfi vöktu menn á 2♦ með „þrílita“ hendur af þeirri tegund sem austur státar af. Þetta virkaði vel, en spekingar nútímans telja öðru sagnstiginu betur varið í hreinar hindrunarsagnir og hafa því sturtað þessari spilagerð yfir í tígulopnunina.

„Einn tígull,“ sagði nútíma Precision-spilari á Íslands-mótinu. Suður sagði 1G (15-18) og norður 3G eftir viðkomu í Stayman. Vestur doblaði og kom út með ♠D. Austur yfir-dráp með ♠K, tók ásinn og spilaði ♠10.

Vestur íhugaði að dúkka í von um lauf frá makker, en kaus að yfirdrepa og taka fjórða spaðann. Austur tímdu ekki hjarta og til að fyrirbyggja að makker skipti yfir í opunar-litinn, kallaði hann í laufi með tvistinum?!

„Borðið beinlínis svignaði,“ sagði sagnhafi síðar, „þegar vestur hamraði niður laufkóngnum.“

Þraut 16

A-NS / Sveitakeppni

Norður

♠ DG1052

♥ D62

♦ 754

♣ 86

Útspil: ♦K



Suður (þú)

♠ ÁK

♥ KG5

♦ Á96

♣ ÁK1042

Vestur	Norður	Austur	Suður
--------	--------	--------	-------

—	—	3 ♥	3 G
---	---	-----	-----

allir pass

Þú dúkkar tígul tvisvar og austur reyndist eiga tvílit (hann hendir hjarta í ♦Á).

Nú tekur þú við.

16. Regla Hammans

4.6 2009

Norður

♠ DG1052

♥ D62

♦ 754

♣ 86

Vestur

♠ 9643

♥ —

♦ KDG102

♣ DG93

Austur

♠ 87

♥ Á1098743

♦ 83

♣ 75

Suður

♠ ÁK

♥ KG5

♦ Á96

♣ ÁK1042

Suður spilar 3G.

Við Bob Hamman er kennd svohljóðandi sagnregla:

Ef nokkrar sagnir koma til greina og þrjú grönd er þar á meðal, í öllum bænum segðu þá þrjú grönd.

Suður hafði reglu Hammans í huga þegar hann valdi að melda 3G við hindrun austurs á 3♥. Slemma er vissulega möguleg, en „betri er einn fugl í hendi en tveir í skógi“. En er þessi fugl í hendi? Það er ekki víst. Útspilið er ♦K.

Verkefnið verður að nálgast spaðaslagina í blindum. Til að byrja með er rétt að gefa tígulinn tvisvar og taka svo ♠Á-K. Það væri hins vegar móðgun við austur að spila næst hjartakóng eða gosa. Austur mun ekki líta við þeim feðgum, heldur geyma ásinn fyrir drottninguna.

Hér verður að grípa til óvenjulegra ráða. Suður tekur ♣Á-K og spilar síðan ♥5 á sexuna í borði!

Þraut 17

N-Enginn / Rúbertubrids

Norður

♠ 642

♥ 104

♦ ÁK6532

♣ 95

Útspil: ♠K



Suður (þú)

♠ Á973

♥ ÁK

♦ G1097

♣ Á86

Vestur	Norður	Austur	Suður
—	2 ♦	pass	3 G

allir pass

Hvernig er best að spila?

17. Ósagðir hlutir

14.7 2009

Norður

♠ 642
♥ 104
♦ ÁK6532
♣ 95

Vestur

♠ KDG10
♥ G932
♦ 4
♣ D1042

Austur

♠ 85
♥ D8765
♦ D8
♣ KG73

Suður

♠ Á973
♥ ÁK
♦ G1097
♣ Á86

Suður spilar 3G.

Það er ekki hlutverk blinds að skipta sér af spilamennsku sagnhafa. En norður gat ekki stillt sig: „Hefur enginn sagt þér að 2-1 legan er 78%?“ Hvað kallaði á þessi hranalegu viðbrögð norðurs? Útspilið var ♠K.

Suður drap strax á ♠Á, spilaði ♦G og lét hann rúlla yfir á drottningu austurs. Vörnin tók þrjá slagi á spaða í viðbót, en svo átti sagnhafi afganginn og vann sitt spil.

Þegar síðar sannaðist að suður var með fjórlit í tígli vaknaði norður til lífsins með áður nefndri athugasemd. En suður hafði spilað vel og gætilega. Tilgangurinn með því að hleypa ♦G var fyrirbyggja stíflu í litum og tryggja alla vega fimm slagi – hann fær aðeins fjóra með því að taka á ♦ÁK.

Suður átti síðasta orðið: „Nei, en hefur enginn sagt þér frá réttindum og skyldum blinds?“

Þraut 18

N-Allir / Sveitakeppni

Norður

♠ D1075

♥ G96

♦ ÁDG

♣ ÁKD

Austur (þú)

♠ ÁK2

♥ 852

♦ 9743

♣ 1085

Útspil: ♥Á



Vestur

—

pass

Norður

1 ♣¹

4 ♠

Austur

pass

allir pass

Suður

1 ♠

(1) Standard.

Hvaða spil læturðu í hjartaásinn og hvað þýðir það?

18. Of seint

25.8 2009

Norður

♠ D1075

♥ G96

♦ ÁDG

♣ ÁKD

Vestur

♠ —

♥ ÁK1043

♦ 8652

♣ 9763

Austur

♠ ÁK2

♥ 852

♦ 9743

♣ 1085

Suður

♠ G98643

♥ D7

♦ K10

♣ G42

Suður spilar 4♠.

„Þú verður að taka báða hjartaslagina strax, makker,“ segir austur ávítandi og sveiflar vísifingrinum til áherslu.“

„Gastu ekki sagt það fyrr,“ svarar vestur, ófáanlegur til að taka að sér hlutverk sektarlambsins.

Norður vakti á 1♣ og stökk síðan í 4♠ við svari suðurs á spaða. Það er hin hefðbundna leið í Standard-kerfinu með flata 18-19 punkta hönd.

Útspil vesturs var ♥Á og austur vísaði frá með áttunni. Vestur skipti þá yfir í tígul og sagnhafi losaði sig snarlega við tapslaginn í hjarta. Unnið spil.

Ekki er við vestur að sakast, því ef suður á tvo tígulhunda og sterkara tromp verður að spila tígli í öðrum slag. Sökin er öll hjá austri. Með ♠ÁK átti hann að kalla í hjarta og tryggja þannig að makker kæmi hjartaslögnum í hús.

Þraut 19

S-NS / Sveitakeppni

Norður

♠ D984

♥ 76

♦ Á

♣ 976432

Útspil: ♦D



Suður (þú)

♠ Á63

♥ ÁKD3

♦ K765

♣ Á8

Vestur	Norður	Austur	Suður
—	—	—	2 G
pass	3 ♣ ¹	pass	3 ♦ ²
pass	3 ♥ ³	pass	3 G
allir pass			

(1) Puppet Stayman.

(2) Fjórllitur í hállit.

(3) Fjórllitur í spaða.

Tígulútspilið tekur mikilvæga innkomu úr borði og svo virðist sem litir blinds séu heldur gagnslitlir.

Er það svo?

19. Elli kelling

27.8 2009

Norður

♠ D984

♥ 76

♦ Á

♣ 976432

Vestur

♠ G1075

♥ G2

♦ DG1093

♣ D10

Austur

♠ K2

♥ 109854

♦ 842

♣ KG5

Suður

♠ Á63

♥ ÁKD3

♦ K765

♣ Á8

Suður spilar 3G.

Í ellinni virðist allt vera endurtekið efni og það á ekki síst við um gamalreynda bridsmenn, sem lengi hafa setið undir spilasólinni.

„Ég hef séð þetta áður – oft áður,“ segja þeir þunglyndislega og láta sig dreyma um fyrsta skvísinn, eins og aðrir rifja upp fyrsta kossinn. En einstaka sinnum gerist eitthvað nýtt og þá lifnar sálin við.

Hvernig á að spila 3G með ♦D út?

Ekkert nema kraftaverk í spaðalitnum getur bjargað spilu. Legan sem þarf er kóngur annar í austur (eða blankur). Spaðaníunni er spilað úr borði og henni rennt til vesturs. Síðar meir fellir ásinn kónginn og loks er áttunni svínað. Þetta skilar þremur slögum á litinn og níu alls, eins til var stofnað.

Hefurðu séð þetta áður?

Þraut 20

V-NS / Sveitakeppni

Norður

♠ 4
♥ Á863
♦ Á754
♣ Á732

Útspil: ♠K



Suður (þú)

♠ 865
♥ KD4
♦ D10632
♣ 96

Vestur	Norður	Austur	Suður
1 G ¹	pass	2 ♥ ²	pass
3 ♠ ³	dobl	pass	5 ♦
allir pass			

- (1) 13-15 HP.
- (2) Yfirfærsla í spaða.
- (3) Superfitt.

Vestur á fyrsta slaginn á ♠K og skiptir yfir í ♣D.

Taktu nú við.

20. Ástin er blind

2.9 2009

Norður

♠ 4
♥ Á863
♦ Á754
♣ Á732

Vestur

♠ ÁK107
♥ G95
♦ K9
♣ DG85

Austur

♠ DG932
♥ 1072
♦ G8
♣ K104

Suður

♠ 865
♥ KD4
♦ D10632
♣ 96

Suður spilar 5♦.

Bridsspilarar vita manna best að ástin er blind. Hver hefur ekki orðið ástfanginn af hundunum sínum og meldað eins og vitlaus maður. „Ég var svo hrifinn af skiptingunni, makker?“ er þekkt viðbára þegar illa fer.

Suður var alvarlega ástfanginn. Vestur vakti á grand (13-15) og austur yfirfærði í spaða. Vestur sagði 3♠ út á stuðninginn og þá doblaði norður til úttektar. Einhverra hluta vegna féll suður fyrir skiptingunni og stökk í 5♦.

Út kom ♠K og ♣D í öðrum slag. Hvernig á nú að halda lífi í ástinni?

Sagnhafi var sannur riddari: Hann tók á ♣Á, spilaði hjarta fjórum sinnum og henti laufi heima. Var þá með trompleguna að ofan í huga: ♦Kx í vestur og ♦Gx í austur. Það er sama hvor mótherjinn trompar fjórða hjartað – tígulslagurinn fellur dauður niður eins og skorinn dreki.

Þraut 21

N-NS / Tvímennigur

Norður

♠ ÁG9

♥ G10

♦ KD108

♣ D1094

Útspil: ♠7



Suður (þú)

♠ K642

♥ ÁK9

♦ ÁG4

♣ K63

Vestur	Norður	Austur	Suður
—	1 ♦	2 ♥	4 G ¹
pass	5 ♦	pass	6 G
allir pass			

(1) Gamli Blackwood.

Vestur er óheppinn með útspilið: kemur út með lítinn spaða og ♠9 í borði heldur. Austur á engan spaða og hendir hjarta.

Hver er áætlunin?

21. Draumfarir

4.9 2009

Norður

♠ ÁG9

♥ G10

♦ KD108

♣ D1094

Vestur

♠ D108753

♥ 82

♦ 95

♣ 872

Austur

♠ —

♥ D76543

♦ 7632

♣ ÁG5

Suður

♠ K642

♥ ÁK9

♦ ÁG4

♣ K63

Suður spilar 6G.

Freud sagði að ótti okkar og þrár kæmu fram í draumum. Allir spilarar óttast óleguna og þrá snilldina. Suður dreymdi draum. Makker hans opnaði á 1♦ og austur hindraði með 2♥, en svo tók suður völdin og keyrði í 6G. Spaði út og nía blinds átti fyrsta slaginn.

Jafnvel í svefni er fljóttalið upp í 12 slagi með svíningu í hjarta. En þá læddist óttinn að: hvað ef ♥D er í vestur? Suður bylti sér í rúminu, en svo skyndilega færðist yfir hann angurvær kyrrð. Hann hafði séð hina fullkomnu lausn: að spila fyrst laufi á kóng, taka síðan slagina á spaða og tígul og byggja þannig upp upplýsingaþvingun á austur. Sjálfsagður aukamöguleiki ef austur skyldi eiga ♣ ÁG í laufi en *ekki* ♥D.

Þegar suður vaknaði rifjaðist með hryllingi upp fyrir honum að hann hafði svínað fyrir ♥D í Sumarbríds kvöldið áður og sloppið með skrekkinn.

Þraut 22

N-Allir / Sveitakeppni

Norður

♠ 4

♥ ÁD105

♦ ÁKG53

♣ G87

Útspil: ♥6



Suður (þú)

♠ ÁD2

♥ 94

♦ 109

♣ ÁKD1043

Samningur: 7♣

Sagnir hafa leitt í ljós góðan tígullit í borði og ekta fyrirstöðu í hjarta.

Hvernig viltu spila?

22. Orðspor Zia

13.9 2009

Norður

♠ 4
♥ ÁD105
♦ ÁKG53
♣ G87

Vestur

♠ K1097
♥ 763
♦ 87642
♣ 2

Austur

♠ G8653
♥ KG82
♦ D
♣ 965

Suður

♠ ÁD2
♥ 94
♦ 109
♣ ÁKD1043

Suður spilar 7♣.

Zia Mahmood fetaði í fótspor Oskars Wilde við komuna til Sao Paulo. Eins og gengur var hann inntur eftir því í tollinum hvort hann hefði „something to declare“. Árið 1882 hafði bandarískur tollvörður spurt Wilde sömu spurningar við komuna til New York. Sá fékk ódauðlegt svar: „Bara snilligáfuna.“ Svar Zia var í sama anda: „Bara orðsporið.“

Orðspor Zia er sannarlega verðmætt. Í leik við Norðmenn í upphafi móts átti Zia að spila út gegn eitilhardri alslemmu. Hann vissi um tígullit í borði og ♥Á til hliðar. Og frekar en að trompa út eins og andlaus maður réðst hann strax á innkomu blinds – spilaði út ♥6.

Erik Sælensminde var í sæti sagnhafa. Hann hugsaði sig lengi um, en ákvað loks að treysta á margfræga lymsku Zia og svínaði ♥D. Einn niður út á ótollað orðsporið.

Hitt er annað mál að slemman er vandunnin eftir útspilið. Sagnhafi þarf að trompa einn spaða og þvinga svo vestur í hörðu litunum.

Þraut 23

S-Enginn / Sveitakeppni

Norður

♠ D1073

♥ ÁD103

♦ K63

♣ 86

Útspil: ♥G



Suður (þú)

♠ ÁKG62

♥ 54

♦ Á742

♣ K7

Vestur	Norður	Austur	Suður
—	—	—	1 ♠
pass	3 ♦ ¹	pass	4 ♠
allir pass			

(1) Bergen: 10-12 HP og fjórlitur í spaða.

Hvernig viltu spila?

23. Úlafkreppa

4.10 2009

Norður

♠ D1073

♥ ÁD103

♦ K63

♣ 86

Vestur

♠ 84

♥ G2

♦ D1085

♣ ÁG542

Austur

♠ 95

♥ K9876

♦ G9

♣ D1093

Suður

♠ ÁKG62

♥ 54

♦ Á742

♣ K7

Suður spilar 4♠.

Stundum er full ástæða til að efast um frelsi viljans. Eða hversu frjálst er austur þegar hann stendur frammi óvæntu tilboði sagnhafa í fyrsta slag? Skoðum málið.

Vestur kemur út með ♥G og sagnhafi dúkkar! Hvað á austur að gera?

Austur getur leyft makker að halda slagnum, en þá verður hægur vandi fyrir sagnhafa að trompsvína síðar fyrir ♥K og losa sig við eitt lauf heima. Hinn kostur austurs er að yfirdrepa ♥G með kóng til að spila laufi. Þá nær vörnin í laufslagina tvo, en á móti getur sagnhafi hent tígulum niður í ♥D10.

Þótt austur hafi hér frjálst val á milli tveggja kosta ræður hann samt engu um útkomuna. Hann er í úlafkreppu, getur valið um tvær leiðir, sem báðar liggja til heljar.

Þraut 24

S-AV / Sveitakeppni

Norður

♠ 1065

♥ K85

♦ 106532

♣ K3

Útspil: ♥3



Suður (þú)

♠ D2

♥ DG742

♦ ÁK

♣ G762

Vestur	Norður	Austur	Suður
—	—	—	1 ♥
pass	2 ♥	allir pass	

Vestur kemur út með tromp, lítið úr borði, nían í austur og suður drepur á gosa.

Ertu með plan?

24. Tvær í takinu

17.12 2009

Norður

♠ 1065
♥ K85
♦ 106532
♣ K3

Vestur

♠ 973
♥ Á63
♦ 974
♣ ÁD98

Austur

♠ ÁKG84
♥ 109
♦ DG8
♣ 1054

Suður

♠ D2
♥ DG742
♦ ÁK
♣ G762

Suður spilar 2♥.

Sú var tíðin að reykingar voru leyfðar í spilasölum. Minnisstæður er danski landsliðsmaðurinn Stig Werdelin. Hann reykti pípu. Hafði tvær í takinu og allar græjur við höndina: hreinsara, troðara, daunillt tóbak í dós og stórar eldspýtur. Allt í tösku. Mikill tími fór í sýsl við stertana og á meðan lagði Werdelin á ráðin.

Spil dagsins er frá Sunday Times tvímenningnum 1978. Werdelin vakti á 1♥ og makker hans, Steen Möller, lyfti í 2♥. Allir pass. Vestur kom út með smátt tromp og Werdelin átti slaginn á gosann heima. Tróð svo í pípuna. Eftir þessa byrjun þýðir ekki að spila strax laufi, en Werdelin fann millileik sem dugði: hann tók ♦Á-K, kveikti upp í taðinu, spilaði laufi á kóng, dró að sér reykinginn, trompaði tígul og gaf slag á lauf. Sló loks úr pípunni.



Suður (þú)

♠ Á3

♥ —

♦ ÁKD109753

♣ 1087

Hver er opnunin?

25. Stillt af stað

22.1 2010

Norður

♠ G972

♥ 1096

♦ G2

♣ ÁD62

Vestur

♠ KD854

♥ D75

♦ 64

♣ G95

Austur

♠ 106

♥ ÁKG8432

♦ 8

♣ K43

Suður

♠ Á3

♥ —

♦ ÁKD109753

♣ 1087

Suður spilar 5♦.

Oftast borgar sig að melda hratt með langlit og setja þannig pressu á andstæðingana, en á því er þó ein augljós undantekning: þegar slemma er raunhæfur möguleiki. Þá er betra að fara stillt af stað.

Með hliðsjón af því vöktu sunnanmenn Reykjavíkurmótsins iðulega á 1♦, frekar en 5♦. Vildu kanna spilið í rólegheitum. Eftir nokkra baráttu við hjartalit austurs enduðu sagnir almennt í 5♦. Sem er óhagganlegt spil.

Út kemur hjarta, suður trompar og aflúsar vörnina í tveimur umferðum. Svínar svo ♣D. Nú á austur tvo kosti, hvorugan góðan. Hann getur spilað laufi, sem sagnhafi mætir með því að dúkka. Spaðapristur fer þá niður í frílauf. Hinn kostur austurs er að spila ♠10. Sagnhafi hleypir, trompar hjartað sem kemur til baka, tekur öll trompin og þvingar vestur í svörtu litunum.

Þraut 26

N-Enginn / Rúbertubrids

Norður

♠ K5
♥ 82
♦ Á93
♣ ÁD10953

Vestur

♠ 1097
♥ G74
♦ 842
♣ G862



Austur

♠ DG64
♥ Á65
♦ 10765
♣ 74

Suður

♠ Á832
♥ KD1093
♦ KDG
♣ K

Samningur: 6G.

Útspil: ♠ 10.

Þessi þraut er á opnu borði – þú færð sem sagt að
að sjá allar hendur.

Verkefnið er líka óvenjulegt.

Það er gefið að samningurinn tapast, en ...

... hvaða tvo slagi fær vörnin?

26. Pennasníkir

29.1 2010

Norður

♠ K5
♥ 82
♦ Á93
♣ ÁD10953

Vestur

♠ 1097
♥ G74
♦ 842
♣ G862

Austur

♠ DG64
♥ Á65
♦ 10765
♣ 74

Suður

♠ Á832
♥ KD1093
♦ KDG
♣ K

Suður spilar 6G.

„Ertu með penna?“ Sá sem spyr hefur veitt upp úr vasa sínum gamla kvittun, en vantar nú penna til að skrifa herlegheitin á autt bakið – snúin varnarþraut reynist vera í uppsiglingu. Útspilið er ♠ 10 og spurt er:

Hvaða tvo slagi fær vörnin?

„Við skulum sjá,“ segir þú: „Hjartaásinn er alla vega einn, en ...“

Pennasníkir hefur ekki þolinmæði til að bíða: „Útspilið er drepíð í borði og hjarta spilað á kóng. Svo er ♣K tekinn, farið inn í borð á ♦Á og ♣Á-D spilað. Ekki fellur gosinn, en í hjartanu leynist von: sagnhafi spilar á drottninguna, svo aftur í bláinn og austur lendir inni ...“

„Aha,“ segir þú: „Austur hendir hjartaás í þriðja laufið og þá fær vestur tvo slagi á ♥G og ♣G.“

Gosaparið.

Þraut 27

A-AV / Tvímenningur

Norður

♠ D962

♥ KG109

♦ K92

♣ 93

Vestur (þú)

♠ 8

♥ 7653

♦ G105

♣ KG1085



Vestur	Norður	Austur	Suður
--------	--------	--------	-------

—	—	1 ♦	4 ♠
---	---	-----	-----

allir pass

Þú spilar út ♦G.

Sagnhafi lætur kónginn, austur drepur og tekur á ♦D í öðrum slag.

Leggur svo niður ♣Á.

Viltu kalla eða vísa frá?

27. Óþægileg tvíræðni

30.1 2010

Norður

♠ D962
♥ KG109
♦ K92
♣ 93

Vestur

♠ 8
♥ 7653
♦ G105
♣ KG1085

Austur

♠ 4
♥ 842
♦ ÁD764
♣ ÁD62

Suður

♠ ÁKG10753
♥ ÁD
♦ 83
♣ 74

Suður spilar 4♠.

„Ofan af röð og hærra með tvíspil.“ Út um allan hinn siðmenntaða bridsheim eru þetta reglur sem spilarar halda í heiðri. Enda hafa þær dugað vel. Nema reyndar í einni stöðu – þegar það *orkar tvímælis* hvort útspilið sé „ofan af röð“ eða „hærra frá tvíspili“.

Bridshátíð hófst á Hótel Loftleiðum á miðvikudaginn með upphitunarmóti, svokölluðu Stjörnustríði. Þar spilaði allur salurinn 4♠, yfirleitt með ♦G út. Það reyndist víða erfitt að hirða strax varnarlagina fjóra. Ef sagnhafi setur upp ♦K, drepur austur og tekur ♦D. En hvar er tían? Það veit austur ekki. Hann gæti reynt að afla sér upplýsinga með ♣Á, en vestur er varla í aðstöðu til að leysa málið. Vestur á vissulega ♣K, en líka ♦10. Vestur veit ekki hvað hann vill.

Hvaða vitleysa er þetta! Austur *opnaði* á tígli og gæti vel átt fimmlit þar. Því hlýtur að vera rétt að kalla í laufi.

Þraut 28

N-Allir / Sveitakeppni

Norður

♠ ÁK1085

♥ G106

♦ ÁK4

♣ Á9

Útspil: ♥3



Suður (þú)

♠ —

♥ ÁKD84

♦ D1032

♣ G865

Vestur	Norður	Austur	Suður
—	1 ♠	pass	2 ♥ ¹
pass	3 ♥ ²	pass	4 ♥ ³
pass	4 G ⁴	pass	5 ♠ ⁵
pass	5 G ⁶	pass	6 ♥ ⁷
pass	7 ♥ ⁸	allir pass	

(1) Geimkrafa.

(2) Slemmuáhugi.

(3) Enginn slemmuáhugi.

(4) Spurning um lykilsþil.

(5) Tvö og trompdrottning (♥ ÁKD í stöðunni).

(6) Spurning um aukastyrk.

(7) Afneitur á öllu slíku.

(8) Það hlýtur að vera séns ...

Er séns? Útspilið er tromp og sexa blinda heldur.

28. Tvöfaldur öfugur blindur

22.2 2010

Norður

♠ ÁK1085

♥ G106

♦ ÁK4

♣ Á9

Vestur

♠ DG764

♥ 973

♦ G5

♣ K104

Austur

♠ 932

♥ 52

♦ 9876

♣ D732

Suður

♠ —

♥ ÁKD84

♦ D1032

♣ G865

Suður spilar 7♥.

„Ég get ekki horft á þetta,“ sagði norður um leið og hann lagði niður spilin sín. Hann hafði hækkað sex hjörtu í sjö „upp á von og óvon“ og vissi upp á sig sökina.

„Snúðu þér þá við í sætinu,“ sagði makker hans og tók til óspilltra málanna.

Útspilið var tromp og sexa blinds átti slaginn. Fyrsta áætlun sagnhafa var að fría fimmta spaðann. Hann henti tveimur laufum í ♠ Á-K og stakk spaða hátt. Fór inn í borð á ♥10 og stakk aftur spaða með hátrompi, en ekki féll liturinn.

„Ekki snúa þér við, makker minn,“ sagði suður eftir nokkra íhugun. Fór svo inn í borð á ♦ Á og trompaði fimmta spaðann með síðasta hjartanu heima. Spilaði laufi á ásinn, tók ♥G og henti laufi. Þegar ♦G skilaði sér í kónginn var málið leyst – þrettán slagir með öfugum blindum.

Þraut 29

S-NS / Sveitakeppni

Norður

♠ G9

♥ K3

♦ Á10854

♣ DG103

Útspil: ♥10



Suður (þú)

♠ D1042

♥ ÁDG6

♦ KD6

♣ ÁK

Vestur	Norður	Austur	Suður
—	—	—	2 G ¹
pass	4 G ²	pass	6 G
allir pass			

(1) 20-22 HP.

(2) Áskorun í 6G.

Lánið leikur við þig – útspilið er hjarta, ekki spaði.

Hvernig þakkarðu fyrir?

29. Óvissuferð

8.3 2010

Norður

♠ G9

♥ K3

♦ Á10854

♣ DG103

Vestur

♠ K653

♥ 10985

♦ 2

♣ 9865

Austur

♠ Á87

♥ 742

♦ G973

♣ 742

Suður

♠ D1042

♥ ÁDG6

♦ KD6

♣ ÁK

Suður spilar 6G.

Það gildir um skammtafræði sagna eins og skammtafræði öreinda, að óvissa er ríkjandi eiginleiki. Suður vakti á 2G og norður stökk í 4G, sem er skammtafræðileg áskorun í slemmu – sýnir nægan skammt af punktum í 6G ef suður á hámarksskammt fyrir 2G. Suður taldi svo vera og sagði 6G.

Vestur hefði eytt allri óvissu með spaða út, en hann byrjaði á ♥10. Sagnhafi sá fram á alla slagina í eðlilegri tígullegu, en ýmsu vanur í heimi óvissunnar ákvað hann að fara að öllu með gát. Tók á ♥Á, síðan ♣Á-K, fór inn í borð á ♥K og hirti laufslagina. Spilaði nú fyrst hjónunum í tigli og sá leguna.

Nú kom sér vel að hafa hugsað fram í tímann. Sagnhafi tók frihjörtun og neyddi austur niður á einn spaða – sem mátti vera hvort heldur ás eða hundur.

Austur gat valið á milli tveggja kosta: að láta spila sér inn á ♠Á, eða henda ásnúm og vekja þannig upp úrslitaslaginn á spaða.

Þraut 30

V-Allir / Tvímenningur

Vestur (þú)

♠ KG10753

♥ K43

♦ K

♣ Á84



Vestur	Norður	Austur	Suður
1 ♠	pass	pass	dobl
pass	2 ♠	pass	2 G
pass	3 G	allir pass	

Hvert er útsplið?

30. Fislétt úttektardobl

13.3 2010

Norður

♠ 984
♥ ÁD
♦ Á732
♣ KG32

Vestur

♠ KG10753
♥ K43
♦ K
♣ Á84

Austur

♠ D
♥ 8765
♦ G1095
♣ 9765

Suður

♠ Á62
♥ G1092
♦ D864
♣ D10

Suður spilar 3G.

Vestur opnar á 1♠ og sú sögn rúllar til suðurs. Á hann að berjast eða lúffa?

Spilið er frá Íslandsmótinu í tvímenni í tvímenni og flestir völdu að passa og uppskáru 50-kall fyrir einn niður. Hrólfur Hjaltason ákvað að berjast. Hann doblaði, sem getur verið „fislétt í verndarstöðunni“.

Makker hans, Ásgeir Ásbjörnsson, krafði með 2♠, Hrólfur sagði 2G og Ásgeir lyfti í þrjú. Ekki beint sú þróun sem Hrólfur ætlaðist til.

En á hinn bóginn er 3G ekki vonlaust spil. Segjum að út komi ♠G. Austur fær að eiga fyrsta slaginn og spilar líklega ♦G til baka – lítið, *kóngur* og ás. Meira þarf ekki til. Laufið er fríað og síðan má sækja níunda slaginn á ♦8.

Vann Hrólfur spilið? Nei. Í vestur var Sveinn Rúnar Eiríksson og hann kom út með spaðakóng!

Þraut 31

N-NS / Tvímennigur

Norður

♠ ÁD97

♥ DG93

♦ K94

♣ 97

Útspil: ♥10



Suður (þú)

♠ G1043

♥ Á6

♦ Á10

♣ ÁKD103

Vestur	Norður	Austur	Suður
—	1 ♦	pass	1 ♠
pass	2 ♠	pass	3 ♣
pass	3 ♦	pass	6 G
allir pass			

Útspil: ♥10 – drottning og smátt.

Og svo?

31. Kjarkmaður

22.3 2010

Norður

♠ ÁD97

♥ DG93

♦ K94

♣ 97

Vestur

♠ 865

♥ 102

♦ D875

♣ G652

Austur

♠ K2

♥ K8754

♦ G632

♣ 84

Suður

♠ G1043

♥ Á6

♦ Á10

♣ ÁKD103

Suður spilar 6G.

Þeir voru hissa, umsjónarmenn mótsblaðsins í Reno. Tilefnið var Sviinn Peter Fredin, sá frumlegi villimaður, sem sífellt kemur á óvart við spilaborðið. Hann lenti í öðru sæti í svokölluðum Hvítagulls-tvímenni með bandarískum makker, Gary Gottlieb. Þeir félagar voru í N-S. Gottlieb í norður vakti á 1♦, Fredin sagði spaða og var hækkaður í 2♠. Fredin sagði nú 3♣, fékk dularfulla 3♦ á móti og stökk þá í 6G. Hjartatían kom út.

Lesandinn getur reynt að giska á spilamennsku Fredins, en óvíst er um árangur. Það sem gerðist var þetta: Fredin átti fyrsta slaginn á ♥D, fór heim á ♦Á og spilaði *litlu laufi* að blindum. Vestur lét lítið og nían hélt. Bingó.

En af hverju?

Nú, Fredin dró sínar ályktanir af útspilinu – hjartatíu. Greinilegt tvíspil, svo vestur var líklegur til að eiga lengd í lafinu.

Þraut 32

S-NS / Rúbertubrids

Norður

♠ 432

♥ 742

♦ D109

♣ 8754

Útspil: ♣K



Suður (þú)

♠ ÁKDG10

♥ ÁD65

♦ ÁKG

♣ Á

Vestur	Norður	Austur	Suður
—	—	—	2 ♣ ¹
pass	2 ♦ ¹	pass	2 ♠
pass	3 ♣ ²	pass	3 ♥
pass	4 ♠	pass	6 ♠
allir pass			

(1) Alkrafa og afmelding (biðsögn).

(2) Endurafmelding.

Hvernig viltu spila?

32. Punktalögmálið

12.4 2010

Norður

♠ 432
♥ 742
♦ D109
♣ 8754

Vestur

♠ 86
♥ G9
♦ 8642
♣ KDG32

Austur

♠ 975
♥ K1083
♦ 753
♣ 1096

Suður

♠ ÁKDG10
♥ ÁD65
♦ ÁKG
♣ Á

Suður spilar 6♠.

Sú var tíðin að menn gátu vart meldað án þess að slá um sig með tilvísun í „lögmálið um heildarfjölda slaga“ – þá enduruppgötvun Larry Cohens að reglubundið samband ríki á milli trompfjölda og slagafjölda. Hrólfí Hjaltasyni þótti lítið í spurnið og smíðaði sitt eigið lögmál – „lögmálið um heildarfjölda punkta“. Það hljóðar svo: *Því meira sem ég á af punktum, því minna á makker.*

Það er nokkuð til í punktalögmálinu. Hér slær suður persónulegt met og fær eina drottningu á móti. En hvernig á að spila slemmuna með ♣K út?

Hjartakóngur þarf að liggja, en 3-3 lega er ekki bráðnauðsynleg ef sá með tvílitinn á líka tvö tromp. Til að dekka þann möguleika er best að spila *smáu* hjarta strax. Taka svo tvisvar tromp, nota innkomuna á ♦D til að svína ♥D, taka ♥Á og trompa hjarta.

Þraut 33

V-Allir / Sveitakeppni

Norður

♠ ÁD75

♥ 32

♦ K7

♣ 97542

Útspil: ♣ Á



Suður (þú)

♠ G6

♥ ÁKDG104

♦ G54

♣ D10

Vestur	Norður	Austur	Suður
pass	pass	pass	1 ♥
pass	1 ♠	pass	2 ♥
allir pass			

Vestur tekur tvo fyrstu slagina á ♣ Á-K og gosinn fellur undir í austur.

Vestur skiptir síðan yfir í ♠ 3 í þriðja slag.

Hvernig á að spila?

33. Sterk bein

16.4 2010

Norður

♠ ÁD75

♥ 32

♦ K7

♣ 97542

Vestur

♠ 32

♥ 76

♦ D9832

♣ ÁK86

Austur

♠ K10984

♥ 985

♦ Á106

♣ G3

Suður

♠ G6

♥ ÁKDG104

♦ G54

♣ D10

Suður spilar 2♥.

Sagt er að það þurfi sterk bein til að þola meðlæti – einkum harðar kökur, eins og einhver bætti við. Suður vekur í fjórðu hendi á 1♥, norður svarar á spaða og suður lýkur stutti samræðu með 2♥.

Vestur tekur tvo slagi á ♣ Á-K, skiptir svo yfir í ♠ 3.

Samningurinn er sterkur, en einmitt þá er hættan mest að sofna á verðinum. Lesandinn hefur verið varaður við, en við bordið er enginn eftirlitsaðili sem bankar á bakið og biður menn að gæta sín. Án slíkrar viðvörunar er freistandi að hleypa á ♠ G heima. Afleiðingin er hrun: austur drepur og rýfur sambandið með öðrum spaða. Hvernig sem sagnhafi rembist eftir þetta fær hann ekki nema sjö slagi.

Vinningsleiðin er einföld: drepa á ♠ Á, taka trompin og spila ♠ G. Þá fást ekki minna en átta slagir.

Þraut 34

A-AV / Tvímennigur

Norður

♠ ÁK53

♥ Á7

♦ G932

♣ K43

Útspil: ♥G



Suður (þú)

♠ D2

♥ K92

♦ D10875

♣ ÁD8

Vestur	Norður	Austur	Suður
—	—	pass	1 ♦
pass	1 ♠	pass	1 G
pass	3 G	allir pass	

Vörnin hittir á veikleikann í byrjun.

Hver er áætlunin?

34. Pólítískt bros

5.6 2010

Norður

♠ ÁK53

♥ Á7

♦ G932

♣ K43

Vestur

♠ 764

♥ G10863

♦ Á4

♣ G92

Austur

♠ G1098

♥ D54

♦ K6

♣ 10765

Suður

♠ D2

♥ K92

♦ D10875

♣ ÁD8

Suður spilar 3G.

Útspil vesturs er jafn óþægilegt og það er fyrirsjáanlegt – hjartagosi. Hvernig á sagnhafi að bregðast við?

Í svona stöðum má ekki hugsa of lengi. Best er að setja upp pólítískt bros, þakka makker kurteislega fyrir blindan, spila síðan af sjálfstrausti, en um leið gætilega.

Sjálfstraustið birtist í því að drepa strax á ♥Á. Gætin felst svo í hinu að spila *litlum* tígli úr borði, ekki gosanum. Þetta tvennt hefur svæfingarmátt, sem gæti slökkt á meðvituðum heilastöðvum austurs á ögurstund.

Vonin er sú að austur láti smáan tígul og vestur neyðist til að drepa, en þá er hægt að einangra tvo varnarslagi með því að dúkka næsta hjarta.

Spilið kom upp í Sumarbríds í Síðumúlanum og vannst á flestum borðum. Það er greinilega erfitt að fljúga upp með tígulkónginn.

Þraut 35

S-Allir / Sveitakeppni

Norður

♠ D1098654

♥ 3

♦ 972

♣ G9

Útspil: ♥K



Suður (þú)

♠ ÁKG7

♥ ÁG7

♦ K643

♣ Á6

Vestur	Norður	Austur	Suður
—	—	—	1 G
pass	4 ♥ ¹	pass	4 ♠
allir pass			

(1) Yfirfærsla í spaða.

Þér tekst að muna eftir yfirfærslunni og færð því að glíma við 4♠ með hjartakóngnum út.

Ertu með áætlun?

35. Ekkert hrós

23.8 2010

Norður

♠ D1098654

♥ 3

♦ 972

♣ G9

Vestur

♠ 2

♥ KD1082

♦ Á105

♣ K742

Austur

♠ 3

♥ 9654

♦ DG8

♣ D10853

Suður

♠ ÁKG7

♥ ÁG7

♦ K643

♣ Á6

Suður spilar 4♠.

Keppnisspilarar nota margir hverjir tvöfalt sett af yfirfærslum í hálitna. Það hefur ýmsa kerfislega kosti, en tekur á taugarnar.

Í spili dagsins opnaði suður á 2G og norður stökk í 4♥ – Texas-yfirfærsla í spaða. Suður gretti sig og leit til lofts. „Hvað var þetta nú aftur?“ Eftir dúk og disk tókst suðri að rifja upp að þetta væri einmitt yfirfærsla í spaða og sagði brosandí 4♠. En norðri var ekki skemmt.

Suður spilaði eins og engill. Hann fékk út ♥K og *dúkkaði* kónginn! Síðar meir henti hann laufi í ♥Á, trompaði út laufið og endaspilaði vestur með því að spila ♥G og láta tígul í borði.

Glæsilega spilað, en suður ætti samt ekki að búast við hrósi frá makker sínum. Ekki í þetta sinn.

Þraut 36

V-NS / Sveitakeppni

Norður

♠ ÁK42

♥ ÁD62

♦ Á8

♣ ÁG2

Austur (þú)

♠ DG1095

♥ 9

♦ 972

♣ 9854

Útspil: ♦K



Vestur

2 ♦

pass

Norður

dobl

6 ♥

Austur

4 ♦

allir pass

Suður

4 ♥

Þú lendir í vörn gegn hjartaslemmu eftir opnun
makkers á veikum tveimur í tígli.

Makker spilar út ♦K og sagnhafi drepur.

Hvernig sérðu fyrir þér vörnina?

36. Kaffispjall

11.9 2010

Norður

♠ ÁK42

♥ ÁD62

♦ Á8

♣ ÁG2

Vestur

♠ 76

♥ G10

♦ KDG1043

♣ K106

Austur

♠ DG1095

♥ 9

♦ 972

♣ 9854

Suður

♠ 83

♥ K87543

♦ 65

♣ D73

Suður spilar 6♥.

Á öðru borðinu voru A-V hálshöggirnir 1100 niður í 5♦, en hinum megin unnu N-S 4♥ með tveimur yfirlögum (480). Spilið er frá bikarleik fyrr í vikunni og varð tilefni umræðna í kaffipásunni:

„Vinnst alltaf slemma?“ spurði 1100-kallinn og beit í mjúka rækjusamlökuna.

„Þeir verða að passa sig í vörninni,“ svaraði sagnhafinn í 4♥, sem hafði velt málinu fyrir sér.

Út kemur ♦K, ásinn upp og ... ja, hvað gerir austur?

Telji austur sér skylt að „sýna“ þrilit með níunni hefur hann gefið slemmuna, þar og þá. Sagnhafi aftrompar vörnina, hreinsar upp spaðann og sendir vestur inn á tígul.

Praut 37

N-Allir / Sveitakeppni

Norður

♠ ÁK762

♥ D7

♦ 54

♣ ÁD43

Vestur (þú)

♠ 983

♥ 9865

♦ G9732

♣ 6



Vestur	Norður	Austur	Suður
—	1 ♠	pass	1 G
pass	2 ♣	pass	3 ♣
pass	3 G	allir pass	

Þú spilar út ♦3, fjórða hæsta í lengsta lit.

Makker á slaginn á ♦D og spilar ♦8 til baka.

Suður lætur tíuna og þú átt slaginn á gosann.

Hvað nú?

37. Annað tækifæri

1.10 2010

Norður

♠ ÁK762

♥ D7

♦ 54

♣ ÁD43

Vestur

♠ 983

♥ 9865

♦ G9732

♣ 6

Austur

♠ G1054

♥ KG104

♦ KD8

♣ K7

Suður

♠ D

♥ Á32

♦ Á106

♣ G109852

Suður spilar 3G.

Af gömlum vana spilar vestur út „fjórða hæsta í lengsta lit“, sem reynist vera tígulþristur í þetta sinn.

Austur er miðlungi ánægður, enda þykist hann vita að sagnhafi sé með ásinn þriðja og geti rofið tígulsambandið með því að dúkka tvisvar. „Útspil í hjarta hefði verið betra,“ hugsar austur. Og það er hárrétt athugað. Sagnhafi fær tíu slagi með því að dúkka tígulhjónin og svína í laufi.

„Bara ef hægt væri að koma vestri inn,“ hugsar austur.

Má vera að slíkt sé ekki útilokað. Lítum á þetta: Austur fær fyrsta slaginn á ♦D og spilar tíguláttu til baka! Frá sjónarhóli suðurs virðist austur hafa byrjað með ♦D87 og sagnhafi mun því vafalítið dúkka aftur. Vestur kemst þá inn, sér tilgangsleysið í frekari tígulsókn og skiptir yfir í hjarta.

Eða það skulum við vona, hans vegna.

Þraut 38

N-Allir / Tvímenningur

Norður

♠ KDG103

♥ 108

♦ 754

♣ 842

Útspil: ♦D



Suður (þú)

♠ Á

♥ ÁKD9763

♦ ÁK3

♣ Á10

Vestur	Norður	Austur	Suður
—	2 ♠	pass	7 G !
allir pass			

Hvernig viltu spila?

38. Öryggisspilamennska

5.10 2010

Norður

♠ KDG103

♥ 108

♦ 754

♣ 842

Vestur

♠ 875

♥ G

♦ DG1098

♣ D965

Austur

♠ 9642

♥ 542

♦ 62

♣ KG73

Suður

♠ Á

♥ ÁKD9763

♦ ÁK3

♣ Á10

Suður spilar 7G.

Í Meistaratvímennungi Bandaríkjamanna spila þeir einir sem hafa unnið sér inn 300 meistarastig eða meira. Þar eru engir byrjendur á ferð. Með hliðsjón af því þótti keppnistjóra furðulegt að finna stakan 100-kall í dálki A-V við hliðina á súlu af 2.220 í N-S fyrir 7G sögð og unnin. Hann skoðaði allar hendur og sá að einsemd hjartagosans tryggir sagnhafa aðgang að spöðum blinds og þar með alla slagina.

Var um skráningarvillu að ræða? Útspilið var ♦D.

Nei. Umræddur sagnhafi gerði sér grein fyrir því að eina vinningsvonin væri blankur ♥G. En líkur á slíkri draumalegu eru aðeins 13%. Með því að leggja niður ♥Á færir hann því tvo niður í 87% tilvika. Það vildi hann ekki og spilaði þess vegna smáu hjarta að ♥10-8 til að sleppa örugglega einn niður.

Þetta var *tvímenninur*.

Þraut 39

V-Enginn / Sveitakeppni



Suður (þú)

♠ G4

♥ D

♦ ÁG1096

♣ ÁD753

Vestur	Norður	Austur	Suður
3 ♠	pass	pass	?

Hver er sögnin?

39. Ástmögurinn

22.10 2010

Norður

♠ K86
♥ ÁG106
♦ D53
♣ 986

Vestur

♠ D1097532
♥ K932
♦ 2
♣ K

Austur

♠ Á
♥ 8754
♦ K874
♣ G1042

Suður

♠ G4
♥ D
♦ ÁG1096
♣ ÁD753

Suður spilar 3G.

Vestur opnar í fyrstu hendi á 3♠ – pass og pass til suðurs. Enginn á hættu.

Gitelman og Zia stóðu frammi fyrir þessu vandamáli í úrslitaleik Rosenblum. Sá fyrrnefndi passaði og uppskar 150 fyrir þrjá niður í 3♠, en Zia skellti sér í þrjú grönd!

„Þetta er sá Zia sem við elskum öll,“ skrifaði Iceking nokkur á spjallborð Bridgebase yfir beinni útsendingu, en Iceking þessi heitir öðru nafni Magnús Eiður Magnússon og er með betri skýrendum.

En hvernig reiddi Zia af í þremur gröndum?

Furðu vel. Útspilið var ♠9 og ás austurs barði vind. Lauf kom til baka og Zia svínaði drottningunni. Vestur spilaði ♠D, Zia drap strax, veiddi ♦K með drottningunni og tók fimm slagi á tígul. Sendi loks austur inn á lauf í endastöðunni og tryggði sér þannig níunda slaginn, óháð hjartalagu.

Þraut 40

S-Enginn / Sveitakeppni



Austur (þú)

♠ —

♥ ÁD54

♦ ÁG652

♣ ÁD72

Vestur	Norður	Austur	Suður
—	—	—	2 ♠ ¹
pass	pass	?	

(1) Tartan-tveir: veikt með spaða og láglit.

Hver er sögnin?

40. Jón og símanúmer

25.11 2010

Norður

♠ 84
♥ KG962
♦ K8
♣ 10984

Vestur

♠ KDG1092
♥ 83
♦ 10
♣ KG63

Austur

♠ —
♥ ÁD54
♦ ÁG652
♣ ÁD72

Suður

♠ Á7653
♥ 107
♦ D9743
♣ 5

Suður spilar 2♠ doblaða.

„Tartan-tveir“ er alþjóðaheitið yfir þá sagnvenju að opna á 2♥/♠ með veika hönd, fimm spil í sögðum hálit og láglit til hliðar. Á Íslandi er sagnvenjan betur þekkt sem „Jón og Símon“, sem helgast af því að Jón Ásbjörnsson og Símon Símonarson voru einna fyrstir til að taka hana í notkun fyrir um það bil þremur áratugum. Menn sáu fljótt að opnunin átti sínar skuggahliðar. Í slæmri legu gátu mótherjarnir nælt sér í tölu, sem minnti um margt á símanúmer. Komst þá á kreik nýyrðið „Jón og símanúmer“.

Í Champions Cup nú á dögnum kom í ljós að Tartan nýtur enn mikilla vinsælda. Á fimm borðum, hvorki meira né minna, vakti suður á 2♠. Sú sögn gekk til austurs, sem yfirleitt doblaði til úttektar, þrátt fyrir eyðu í spaða. Vestur sektarpassaði og kom út með ♠K.

Og útkoman? 1700-kall í A-V. Sagnhafi fékk *einn* slag á sjálfan trompásinn.

Þraut 41

S-AV / Rúbertubrids

Norður

♠ G1098

♥ G1032

♦ D83

♣ 83

Útspil: ♣7



Suður (þú)

♠ Á43

♥ K

♦ ÁKG10752

♣ Á4

Þú spilar 5♦.

Sagnir eru týndar og tröllum gefnar en útspilið er lítið lauf.

Hvað eru með á prjónunum?

41. Litið um öxl

17.12 2010

Norður

♠ G1098

♥ G1032

♦ D83

♣ 83

Vestur

♠ K52

♥ D984

♦ 96

♣ KG76

Austur

♠ D76

♥ Á765

♦ 4

♣ D10952

Suður

♠ Á43

♥ K

♦ ÁKG10752

♣ Á4

Suður spilar 5♦.

„Þetta var á þeim árum þegar allar svíningar gengu,“ rifjar Eddie Kantar upp í formála sínum að spílinu hér að ofan. „Ég endaði í fáránlegum 5♦ og fékk út lauf.“

„Hér var verk að vinna. Stela þyrfti hjartaslag og tvísvína í spaða, en til þess þurfti ég þrjár innkomur í borð. Ég drap á ♣Á, spilaði ♦7 og svínaði áttunni, fullur sjálfstrausts. Hún hélt. Næst kom ♥G úr borði og kóngurinn heima átti slaginn. Innkomur blinds á ♦D3 voru loks notaðar til að svína tvisvar fyrir spaðahjónin. Ellefu slagir.“

Og Kantar heldur áfram: „Það er ekki af því ég sé bitur, eða svoléiðis, en ef þetta hefði spil hefði komið upp í dag hefði austur átt ♦9 eða farið upp með ♥Á. Alla vega hefði vestur legið á eftir með spaðahjónin . . .“

Þraut 42

A-Enginn / Tvímenningur

Norður

♠ G75

♥ G85

♦ K8753

♣ 84

Útspil: ♣ Á



Suður (þú)

♠ Á1093

♥ ÁK10732

♦ 9

♣ K2

Vestur	Norður	Austur	Suður
—	—	3 ♣	dobl
4 ♣	4 ♦	pass	4 ♥
allir pass			

Útspilið er hagstætt, en fleira gott þarf að gerast.
Vestur spilar tígli í öðrum slag – lítið og drottning.
Lauf til baka, þú átt slaginn og leggur niður ♥Á.
Hann veiðir drottninguna í austur.

Hvernig viltu klára málið?

42. Hollendingurinn brosandí

28.12 2010

Norður

- ♠ G75
- ♥ G85
- ♦ K8753
- ♣ 84

Vestur

- ♠ KD86
- ♥ 64
- ♦ G10642
- ♣ ÁD

Austur

- ♠ 42
- ♥ D9
- ♦ ÁD
- ♣ G1097653

Suður

- ♠ Á1093
- ♥ ÁK10732
- ♦ 9
- ♣ K2

Suður spilar 4♥.

Jan Jansma kynnir sig í Bandaríkjunum sem „hollenska hirðfíflíð“. Það er full hraustlega mælt, en hitt er ótvírætt að Jansma er brosmildur maður og uppátækjasamur við spila-borðið. Jansma vann Bláa borðann í Orlando með bandarískum makker, Jay Borker. Þeir voru hér í vörninni, Jansma í austur. Hann vakti á 3♣, suður doblaði, Borker lyfti í 4♣, norður sagði í 4♦, sem suður breytti í 4♥. Allir pass.

Útspilið var óheppilegt – ♣Á. Borker spilaði næst tígli og Jansma laufi til baka. Kom þá í ljós að útspilið hafi kostað slag. Suður lagði niður ♥Á og Jansma lét drottninguna undir! Sagnhafi sá þá fyrir sér tvær innkomur í borð til að verka spaðann. Hann spilaði litlu hjarta og svínaði áttunni ...

Enginn sagði orð, en bjarma sló á skjannahvítan tann-garðinn í austur. Tveir niður.

Þraut 43

S-NS / Sveitakeppni

Norður

♠ ÁK

♥ ÁKD753

♦ K64

♣ G4

Útspil: ♥9



Suður (þú)

♠ D54

♥ 42

♦ ÁG953

♣ ÁD3

Vestur	Norður	Austur	Suður
—	—	—	1 ♦
pass	2 ♥	pass	2 G
pass	3 ♦	pass	3 ♥
pass	3 ♠	pass	4 ♣
pass	4 G	pass	5 ♥
pass	7 ♦	allir pass	

Þögull leggur vestur útspilið á hvolf, en austur er áhugasamur um sagnir og vill skýringar.

Þú fræðir hann eftir bestu getu og að lokum fær vestur leyfi til að fletta upp hjartaníunni.

Hvernig viltu spila?

43. Þögn og þula

4.1 2011

Norður

- ♠ ÁK
- ♥ ÁKD753
- ♦ K64
- ♣ G4

Vestur

- ♠ G732
- ♥ 9
- ♦ D72
- ♣ K8762

Austur

- ♠ 10986
- ♥ G1086
- ♦ 108
- ♣ 1095

Suður

- ♠ D54
- ♥ 42
- ♦ ÁG953
- ♣ ÁD3

Suður spilar 7♦.

„Þylst hann um eða þrumir,“ segir í Hávamálum um afglapa er til kynnis kemur. Sama mætti segja um varnar-spilara í slemmu. Sá sem lítið hefur að verja þylst um og spyr í þaula, en hinn sem gætir gullsins dregur sig inn í skel sína og lætur lítið fyrir sér fara.

Skotinn Barnet Shenkin hefur veitt þessu athygli. Hann var í suður, sagnhafi í alslemmu í tígli. Sagnir tóku sinn tíma, en vestur sýndi þeim engan áhuga og lagði útspil sitt á hvolf. Austur lét hins vegar spurningarnar dynja á mótherjunum. Þegar vestur fékk loks leyfi til að fletta upp hjartaníunni var Shenkin með stöðuna á hreinu. Hann fór heim á ♦Á í öðrum slag, spilaði ♦G og lét hann rúlla!

Uppi var þá geð guma.

Þraut 44

S-Allir / Tvímenningur

Norður

♠ G764

♥ 85

♦ ÁD10

♣ K983

Austur (þú)

♠ KD10

♥ Á9742

♦ 94

♣ D52

Útspil: ♥D



Vestur	Norður	Austur	Suður
—	—	—	1 ♠
pass	3 ♣ ¹	pass	4 ♠
allir pass			

(1) Af Bergen-ætt: 10-12 HP og fjórlitur í spaða.

Þú yfirtekur ♥D makkers með ás og spilar meira hjarta á kóng suðurs.

Sagnhafi leggur niður ♠Á, rennir svo ♦G. Hann spilar áfram tígli á drottningu og leggur niður ásin.

Hvað viltu gera?

44. Bergen og fleira

7.1 2011

Norður

♠ G764

♥ 85

♦ ÁD10

♣ K983

Vestur

♠ 3

♥ DG103

♦ K7652

♣ G74

Austur

♠ KD10

♥ Á9742

♦ 94

♣ D52

Suður

♠ Á9852

♥ K6

♦ G83

♣ Á106

Suður spilar 4♠.

„Við notum Bergen-sagnvenjuna,“ útskýrði suður hátíðlega, án þess að þó að nokkur hefði spurt. „Þrjú lauf sýnir fjórlit í spaða og 10-12 punkta,“ hélt suður áfram.

„Ollræt,“ sagði austur. „Þá veit maður það.“

Suður vakti á 1♠, norður sagði 3♣ í skilningi Bergens og suður 4♠. Út kom ♥D upp á ás og meira hjarta. Sagnhafi lagði niður ♠Á, lét svo ♦G rúlla. Hann svínaði aftur í tigli og spilaði ♦Á.

Austur er nú í vondum málum, því fyrr eða síðar mun hann neyðast til að hreyfa laufið. Og sagnhafi sem þekkir Bergen-sagnvenjuna fer ekki að falla fyrir laufdrottningu.

Eða hvað?

Besta tilraun austurs er að trompa ♦Á með ♠D og spila strax ♣D. Ef sagnhafi ályktar að *vestur* sé með ♠K mun hann drepa í borði á ♣K og reyna að endaspila makker í spaða.

Þraut 45

A-NS / Sveitakeppni



Austur (þú)

♠ 876

♥ KDG104

♦ 102

♣ 1087

Vestur

—

Norður

—

Austur

?

Suður

Er ástæða til að segja eitthvað?

45. Satt og logið

28.1 2011

Norður

♠ KD54

♥ Á6

♦ ÁD93

♣ KD4

Vestur

♠ 3

♥ 98752

♦ G64

♣ 9532

Austur

♠ 876

♥ KDG104

♦ 102

♣ 1087

Suður

♠ ÁG1092

♥ 3

♦ K875

♣ ÁG6

Suður spilar 7♠.

Hin formlega skilgreining á „veikum tveimur“ er 6-10 punktar og sexlitur. En ekki hafa allir þolinmæði til að bíða eftir réttu spilunum. Austur taldi hjartalitinn sinn nógu góðan til að réttlæta sögn og vakti á 2♥. Suður sagði 2♠ og vestur 4♥. Norður spurði um ása, fékk upp tvo og sagði 7♠. Hjartatvistur út – fimmta hæsta.

Suður var vísindamaður. Hann tók þrisvar tromp og kannaði síðan laufleguna. Austur sýndi sex svört spil. Með sexlit í hjarta til hliðar var ekki rúm fyrir nema tígul. Ánægður með sig lagði suður niður ♦K, spilaði svo tígli á níuna . . .

„Keppnisstjóri!“ Suður var æstur: „Hann sagðist eiga sexlit en átti bara fimmlit.“

„Ég laug,“ játaði austur. „En makker sagði satt með hjartatvistinum.“

Þraut 46

S-AV / Sveitakeppni

Norður (þú)

♠ G

♥ K10642

♦ D109652

♣ D



Vestur	Norður	Austur	Suður
—	—	—	1 ♥
1 ♠	?		

Hver er sögnin?

(Makker getur átt fjórlit í hjarta.)

46. Langur tími

4.2 2011

Norður

♠ G
♥ K10642
♦ D109652
♣ D

Vestur

♠ KD732
♥ G85
♦ KG8
♣ KG

Austur

♠ 654
♥ 9
♦ 73
♣ Á1098653

Suður

♠ Á1098
♥ ÁD73
♦ Á4
♣ 742

Suður spilar 4♥ dobluð.

Úlfur Árnason, vísindamaður í Lundi, er vanur að fást við stóra tímakvarða. Hann segir að hvalir hafi misst klaufir sínar fyrir 60 milljónum ára, og að leiðir manns og simpansa hafi skilið fyrir 10 milljónum ára. Sjálfur hefur Úlfur beðið í 40 ár eftir tækifærinu sem hann fékk nú loks á Bridshátíð.

Úlfur var í norður. Makker hans, David Probert, vakti á 1♥ og austur sagði 1♠.

„Loksins,“ hugsaði Úlfur og „setti upp þann græna“. Sagði sem sagt PASS! Andstæðingarnir melda svo fram og aftur um stund, en þegar rétta tækifærið gefst „leggur Úlfur fram 4♥“.

A-V stukku á 4♥ eins og hungraðir úlfar, en +690 dugði þó ekki til að „jafna borðið“, því hinum megin fóru sveitarfélagar Úlfs 1100 niður í 4♠.

Þraut 47

S-NS / Tvímenningur

Norður

♠ Á85

♥ ÁKD8

♦ K52

♣ D97

Útspil: ♠D



Suður (þú)

♠ K

♥ 102

♦ ÁD109873

♣ K106

Vestur	Norður	Austur	Suður
—	—	—	1 ♦
1 ♠	dobl ¹	3 ♠	4 ♦
pass	6 ♦	allir pass	

(1) Neikvætt dobl.

Í hvaða legu fæst yfirslagur?

(Þetta er tvímenningur!)

47. Sparnaður

15.3 2011

Norður

♠ Á85
♥ ÁKD8
♦ K52
♣ D97

Vestur

♠ DG1072
♥ 974
♦ 6
♣ G432

Austur

♠ 9643
♥ G653
♦ G4
♣ Á85

Suður

♠ K
♥ 102
♦ ÁD109873
♣ K106

Suður spilar 6♦.

Þegar Gölturinn grimmi leggur upp í „sannaðri stöðu“ fylgir því gjarnan hæversk yfirlýsing: „Þið fyrirgefið mér þótt ég nenni ekki að spila þetta til enda – það væri soun á hitaeningum, enda hlýtur hverjum manni að vera ljóst hvernig spilið rennur heim ...“

Bjarni Einarsson lagði upp í 6♦, ekki til að spara hitaeningar, heldur tíma: „Við kunnum þetta allir, bara spara tíma,“ útskýrði Bjarni.

Spilið er frá Íslandsmótinu í tvímenningi, sem Bjarni og Aðalsteinn Jørgensen unnu. Bjarni vakti á 1♦, vestur sagði 1♠, Aðalsteinn doblaði neikvætt og austur stökk í 3♠. Bjarni sagði 4♦ og Aðalsteinn 6♦. Útspilið var ♠D.

Bjarni drap heima, tók tvisvar tígul og ♠Á, lagði síðan upp með yfirlýsingu: „Tek trompin í botn og á restina ef sá með ♣Á valdar líka hjartað.“

Þraut 48

N-NS / Sveitakeppni



Suður (þú)

♠ ÁKD876

♥ ÁK10

♦ —

♣ ÁK82

Vestur	Norður	Austur	Suður
—	3 ♦	pass	?

Það var og.

En hvað hyggstu gera?

48. Sagnvísindi

13.5 2011

Norður

♠ 2
♥ D842
♦ KD109832
♣ 9

Vestur

♠ G43
♥ G975
♦ ÁG4
♣ DG7

Austur

♠ 1095
♥ 63
♦ 765
♣ 106543

Suður

♠ ÁKD876
♥ ÁK10
♦ —
♣ ÁK82

Suður spilar 6♠.

Karl Sigurhjartason tók upp hina voldugu hönd suðurs í miðju Íslandsmóti og bjó sig undir langan leiðangur. En þá opnaði makker hans á 3♦. „Vísindin efla alla dáð,“ hugsaði Karl og stökk í 6♠.

Skiptum yfir til vesturs. Það er góður siður að spyrja um sagnir áður en spilað er út í slemmu, en vestur átti erfitt með að forma spurninguna. „Hvað þýðir stökkið í 6♠?“ hljómar dálítið kjánalega. Vestur valdi að spila út ♣D.

Karl drap með ás, stakk lauf, spilaði ♦K og trompaði þegar austur sýndi engin streitumerki. Hann tók trompin í botn og ♣K. Við það þvingaðist vestur í rauðu litunum og Karl fékk alla slagina.

„Er tromp út banvænt?“ spurði vestur hikandi á eftir.

„Nei,“ sagði Karl. „Ég dúkka bara lauf og næ upp sömu þvingun.“

Þraut 49

S-Allir / Sveitakeppni

Vestur (þú)

♠ 876

♥ ÁKDG8763

♦ -

♣ 53



Vestur	Norður	Austur	Suður
—	—	—	1 G ¹
PASS!	2 ♠ ²	pass	2 G ³
pass	3 ♥ ⁴	pass	5 ♣
allir pass			

(1) 12-15 HP.

(2) Lauflitur.

(3) Háspil í laufi.

(4) Einspil í hjarta.

Hvert er útspilið?

(Hvað finnst þér um sagnir?)

49. Ungi maðurinn

28.5 2011

Norður

♠ ÁD2

♥ 5

♦ KD6

♣ D109742

Vestur

♠ 876

♥ ÁKDG8763

♦ —

♣ 53

Austur

♠ 9543

♥ 94

♦ 9542

♣ ÁG6

Suður

♠ KG10

♥ 102

♦ ÁG10873

♣ K8

Suður spilar 5♣.

Justin Lall er ungu maður (24 ára) og það skýrir ýmislegt. Í úrslitaleik bandarísku landsliðskeppinnar sat hann í vestur með áttlitinn þetta í hjarta. Geoff Hampson vakti í suður á Precision-grand og Lall ákvað að „passa til að byrja með“.

Eric Greco í norður yfirfærði í lauf með 2♠ og Hampson svaraði með 2G, sem lofar háspili inn í litinn. Og aftur ákvað Lall að bíða átektu með passi. Greco sagði næst 3♥ til að sýna einspil í hjarta og Hampson tók þá snarlega stefnuna á 5♣.

Nú var orðið of seint fyrir Lall að skjóta inn sögn og hann einbeitti sér að vörninni. Og hvað gerði strákur? Jú, kom út með ♥3, undan blokkinni. Ekki gott. Hampson fékk á ♥10, spilaði spaða á blindan í öðrum slag og laufi þaðan. Við því átti austur ekkert svar.

Þraut 50

S-Allir / Sveitakeppni

Norður

♠ KD54

♥ ÁG3

♦ D4

♣ K1075

Austur (þú)

♠ 97

♥ 10962

♦ K962

♣ ÁDG

Útspil: ♣2



Vestur	Norður	Austur	Suður
—	—	—	1 G ¹
pass	2 ♣ ²	pass	2 ♠
pass	4 ♠	allir pass	

(1) 13-15 HP.

(2) Stayman.

Makker spilar út ♣2 (þriðja/fimmta), sagnhafi lætur smátt í borði og þú færð slaginn á gosa.

Nú er að leggja á ráðin.

50. Hönnuð atburðarás

17.6 2011

Norður

♠ KD54

♥ ÁG3

♦ D4

♣ K1075

Vestur

♠ 862

♥ D5

♦ 108753

♣ 942

Austur

♠ 97

♥ 10962

♦ K962

♣ ÁDG

Suður

♠ ÁG103

♥ K874

♦ ÁG

♣ 863

Suður spilar 4♠.

Eitt er að blekkja til að villa á sér heimildir. En blekking kemst á æðra stig þegar kveikt er á ranghugmynd, sem fær óvininn til að feta fyrirfram markaða óheillabraut. Ímynda-smiðir kalla slíkt að „hanna atburðarás“.

Brasíliumaðurinn Gabriel Chagas var í hlutverki seiðskrattans í austur. Suður opnaði á 13-15 punkta grand og endaði svo í 4♠ eftir hálitaspurningu norðurs. Útspilið var ♣2 (þriðja hæsta), sagnhafi lét smátt úr borði og Chagas fékk fyrsta slaginn á ♣G. Og svo?

Chagas *tók á laufás* og spilaði tígulnú! Suður reiknaði dæmið nákvæmlega eins og fyrir hann var lagt: rauk upp með ♦Á, tók trompin og svínaði ♣10. Þannig fékk Chagas alla þrjá laufslagina OG líka á ♦K.

En útspilið – *þriðja hæsta*? Gleymdi suður því?
Greinilega.

Þraut 51

V-Allir / Sveitakeppni

Norður

♠ KDG

♥ 43

♦ D8652

♣ K43

Útspil: ♥G



Suður (þú)

♠ Á10964

♥ D7

♦ Á97

♣ Á96

Vestur	Norður	Austur	Suður
2 ♥ ¹	pass	pass	2 ♠
pass	3 ♠	pass	4 ♠
allir pass			

(1) Veikir tveir.

Austur tekur fyrsta slaginn á ♥Á og spilar aftur hjarta á kóng vesturs.

Vestur skiptir svo yfir í tromp.

Hvernig ætlaðu að verka tígulinn?

51. Góð ráð

4.8 2011

Norður

♠ KDG
♥ 43
♦ D8652
♣ K43

Vestur

♠ 72
♥ KG109865
♦ 103
♣ D5

Austur

♠ 853
♥ Á2
♦ KG4
♣ G10872

Suður

♠ Á10964
♥ D7
♦ Á97
♣ Á96

Suður spilar 4♠.

Í eina tíð stóð BOLS-fyrirtækið hollenska fyrir árlegri heilræðakeppni meðal toppspilara. Ráðlegging Jóns Baldurssonar var sú að „melda á spilin sín“, en Brasilíumaðurinn Gabriel Chagas vakti athygli á svíningu djúpt í lit, sem hann kallaði „intra-finesse“. Jón nýtti sér bæði heilræði í leiknum við Gordon í Spingold-keppninni.

Mark Gordon opnaði í vestur á 2♥ – pass og pass til Jóns, sem kom inn á 2♠. Þorlákur Jónsson gaf áskorun og Jón fylgdi eigin heilræði með því að melda geimið.

Vörnin tók tvo slagi á hjarta og spilaði síðan trompi. Jón tók næsta tromp með ás heima, lét svo ♦7 sigla yfir á gosa austurs. Meiningin var að fara síðar af stað með ♦D og gleypa tíuna aðra í vestur – til heiðurs Chagas. Austur sá hvað verða vildi og spilaði lúmskur ♦4 til baka, en Jón hélt sínu striki og hleypi á drottninguna.

Þraut 52

N-Allir / Tvímenningur

Norður

♠ ÁKG4

♥ 106

♦ Á62

♣ 10432

Útspil: ♠9



Suður (þú)

♠ 103

♥ ÁKD543

♦ KD

♣ ÁKD

Vestur	Norður	Austur	Suður
—	1 ♣	pass	4 G
pass	5 ♥	pass	7 G
allir pass			

Sagnir gætu verið nákæmari en niðurstaðan er fjandi góð.

Hvernig á spila með ♠9 út?

52. Fjaðrafok

3.9 2011

Norður

♠ ÁKG4

♥ 106

♦ Á62

♣ 10432

Vestur

♠ 9872

♥ 2

♦ G97543

♣ 98

Austur

♠ D65

♥ G987

♦ 108

♣ G765

Suður

♠ 103

♥ ÁKD543

♦ KD

♣ ÁKD

Suður spilar 7G.

Þótt austur líti engan veginn út eins og páfugl, þá státar hann þó af þremur skautfjörðum – einni drottningu og tveimur gosum. Þær fögru fjaðrir verða allar plokkaðar af honum, ein af annarri. Útspilið er spaðanía.

Sagnhafi telur á fingrum og tám upp í fjórtán slagi miðað við skikkanlega hjartalegu, en ellefu að öðrum kosti. Eins og sönnnum meistara sæmir gerir hann ráð fyrir því versta:

Drepur á ♠ Á, leggur niður ♥ Á í leit að blönkum gosa, en bíður svo með líflitinn og þreifar fyrir sér til hliðar, tekur þrjá efstu í laufi og tígulhjón. Fer síðan inn í borð á ♠ K til að spila tígulásnum.

Upphefst þá mikið fjaðrafok í austur, sem getur ekki endað nema á einn veg – með þrettán slögum.

Þraut 53

A-Allir / Sveitakeppni



Austur (þú)

♠ KG

♥ D9532

♦ 987

♣ D87

Vestur	Norður	Austur	Suður
—	—	pass	1 ♠
dobl	3 ♠ ¹	?	

(1) Hindrun.

Viltu vera með?

53. Skyldan kallar

26.10 2011

Norður

♠ D954

♥ 74

♦ 10652

♣ G102

Vestur

♠ 108

♥ ÁG10

♦ ÁKD43

♣ K43

Austur

♠ KG

♥ D9532

♦ 987

♣ D87

Suður

♠ Á7632

♥ K86

♦ G

♣ Á965

Suður spilar 4♠ doblaða.

Bíófrásinn „A man's gotta do what a man's gotta do“ er víst ranglega eignaður John Wayne. En hitt er ótvírátt rétt að stundum verða menn að gera fleira en gott þykir – bæði í villta vestrinu og við spilaborðið.

Aðalsteinn Jørgensen var í austur í leik við Búlgara á HM. Hann var gjafari og sagði auðvitað pass í upphafi. Roumen Trendafilo opnaði á 1♠, Bjarni Einarsson opnunar-doblaði, og Kalin Karaivanov í norður stökk hindrandi í 3♣. Hvað gera menn nú?

Aðalsteinn sagði 4♥. Hann var ekki vongóður um að sá samningur ynnist, en vildi setja pressu á andstæðingana og tæla þá í fórn. Það tókst. Suður sagði 4♠, Bjarni doblaði og uppskeran var 500 fyrir þrjá niður.

Hinum megin koðnuðu sagnir niður í 3♠ eftir sömu byrjun.

Þraut 54

S-NS / Sveitakeppni

Norður

♠ ÁK2

♥ 106

♦ 87642

♣ 942

Útspil: ♦D



Suður (þú)

♠ D75

♥ KD52

♦ ÁK3

♣ ÁK8

Vestur	Norður	Austur	Suður
—	—	—	2 G
pass	3 G	allir pass	

Út kemur ♦D og austur hendir spaða í slaginn.

Hver er áætlunin?

54. Besta spilið

2.12 2011

Norður

♠ ÁK2
♥ 106
♦ 87642
♣ 942

Vestur

♠ 83
♥ ÁG4
♦ DG1095
♣ G76

Austur

♠ G10964
♥ 9873
♦ —
♣ D1053

Suður

♠ D75
♥ KD52
♦ ÁK3
♣ ÁK8

Suður spilar 3G.

Sumir spilarar fylgja blindum úr hlaði eins og vel þjálf-
aðir sölumenn – með nákvæmri lýsingu á helstu kostum
og möguleikum. „Hérna hefurðu tvo örugga slagi, makker
minn,“ sagði norður og fletti upp ás og kóng í spaða. „Og
svo á ég fimmlit í tígli, sem þú getur áreiðanlega gert þér
mat út . . .“

„Takk, takk,“ sagði suður kurteislega og drap útspil
vesturs – tíguldröttninguna – með ás heima. Austur henti
spaða í slaginn, svo strax var ljóst að tígullinn myndi seint
gefa mikið af sér. Hjartað yrði þá að skila tveimur slögum og
suður var með tæknina á hreinu: spilaði *litlu að tíunni*. Sú
íferð tryggir tvo slagi ef vestur á gosann, auk þess sem ráða
má við ♥ÁG(x) í austur.

„Þú nefndir ekki hjartatíuna, makker,“ sagði suður á
eftir. „Besta spilið þitt.“

Þraut 55

N-Enginn / Sveitakeppni

Norður

♠ 75

♥ ÁG875

♦ 5

♣ KDG98

Austur (þú)

♠ ÁG6

♥ 93

♦ ÁD62

♣ 7532

Útspil: ♦4



Vestur	Norður	Austur	Suður
—	1 ♥	pass	1 ♠
pass	2 ♣	pass	3 G
allir pass			

Makker kemur út með ♦4 (fjórða hæsta).

Hvernig sérðu fyrir þér vörnina?

55. Kassinn

20.12 2011

Norður

♠ 75
♥ ÁG875
♦ 5
♣ KDG98

Vestur

♠ 1043
♥ KD102
♦ 108743
♣ 4

Austur

♠ ÁG6
♥ 93
♦ ÁD62
♣ 7532

Suður

♠ KD982
♥ 64
♦ KG9
♣ Á106

Suður spilar 3G.

Hinn dæmigerði briddspilari nálgast öll verkefni eins og ósamsetta IKEA-mublu: sturtar úr kassanum á mitt stofu-gólfíð og ræðst svo til atlögu. Ef eitthvað vantar í kassann þá fer hillan ekki upp – svo einfalt er það. Honum dettur ekki í hug að leita fanga „outside the box“.

Austur átti fullt af dóti í kössum sínum og handröðum, en ekkert dugði á verkefnið sem við var etja. Norður opnaði á 1♥, suður sagði 1♠, norður 2♣ og suður sleit talinu með afgerandi stökki í 3G.

Vestur kom út með ♦4, og austur . . . opnaði kistuna sína, tók upp ♦Á og spilaði tvistinum til baka. Sagnhafi svínaði gosanum, sótti slag á spaða og lagði upp.

Hvað gat austur gert? Hann gat prófað ♦D í fyrsta slag, spilað svo *litlu undan ásnum* síðar í gegnum ♦G-9.

Settu þessa stöðu í kassann!

Þraut 56

S-Enginn / Tvímenningur

Vestur (þú)

♠ G92

♥ ÁK62

♦ G84

♣ KD5



Vestur	Norður	Austur	Suður
—	—	—	1 ♠
dobl	2 ♠	pass	3 ♣
pass	4 ♠	allir pass	

Þú átt út.

56. Ábending frá almættinu

4.1 2012

Norður

♠ 1076

♥ D98543

♦ Á93

♣ 4

Vestur

♠ G92

♥ ÁK62

♦ G84

♣ KD5

Austur

♠ D4

♥ G107

♦ 10762

♣ Á1092

Suður

♠ ÁK853

♥ —

♦ KD5

♣ G8763

Suður spilar 4♠.

Orðhákurinn og ritstjórinn Edgar heitinn Kaplan var ekkert að skafa utan af því: „Ef guð gefur þér Á-K í sama lit þá ætlast hann til að þú spilir þar út.“

Þetta ráð hefur dugað spilurum vel í vörninni, enda augljós sá kostur að berja blindan augum án þess að missa frumkvæðið. En það eru undantekningar frá öllu, líka guðdómlegum útspilsreglum.

Spil dagsins er frá áramótatvímennungi BR. Hálfur salurinn reyndi 4♠ og sá samningur rúllaði auðveldlega heim eftir ♥Á út – sagnhafi fékk sjö slagi á tromp og þrjá á tígul.

Hrólfur Hjaltason var vestur á einu borði. Þar hafði suður sagt frá hliðarlitnum og Hrólfur ákvað að brjóta regluna góðu og trompaði út. Sagnhafi læddist inn í bord á ♦Á til að spila laufi. Austur lét tvistinn, Hrólfur fékk slaginn og spilaði . . . ♠G!

Tveir niður.

Þraut 57

S-NS / Sveitakeppni

Norður

♠ ÁG872

♥ G4

♦ ÁK10

♣ 643

Útspil: ♣8



Suður (þú)

♠ —

♥ Á92

♦ DG983

♣ ÁDG109

Vestur	Norður	Austur	Suður
—	—	—	1 ♦
pass	1 ♠	pass	2 ♣
pass	2 ♥ ¹	pass	3 ♣
pass	3 ♦	pass	6 ♦
allir pass			

(1) Fjórði liturinn, geimkrafa.

Útspilið – laufáttan – lyktaf einsemd.

Þú færð fyrsta slaginn á ♣9.

Hver er áætlunin?

57. Kyrrlát fegurð

18.2 2012

Norður

♠ ÁG872

♥ G4

♦ ÁK10

♣ 643

Vestur

♠ D10653

♥ D1053

♦ 652

♣ 8

Austur

♠ K94

♥ K876

♦ 74

♣ K752

Suður

♠ —

♥ Á92

♦ DG983

♣ ÁDG109

Suður spilar 6♦.

Að lesa bridsþátt er eins og að horfa á mynd eftir Tarantino,“ segir Zia og hefur nokkuð til síns máls: Skiptingar-ófreskjur fara á kreik (slæm lega), háspilum er varpað fyrir borð (afblokkering), öxin reidd til höggs (dobl) og sagnhafa slátrað í miskunnarlausu blóðbaði (1400 niður).

Inn á milli bregður þó fyrir rómantískari myndum, þar sem kyrrlát fegurð svífur yfir vötnunum. Zia var hér sagnhafi í tígulslemmu og fékk út einspilið í laufi.

Fegurðin hljóða liggur í tímasetningunni: Ekki má taka nema eitt tromp áður en byrjað er að svína í laufinu. Vestur stingur vissulega, en trompin skila sér öll í næsta slag og þá er óhætt að endurtaka laufsvínunguna, henda hjarta í frílauf og trompa hjarta. Með ♠ Á skilar þetta tólf slögum.

Þraut 58

S-Allir / Tvímenningur

Norður

♠ 862
♥ KG1094
♦ Á64
♣ D10

Útspil: ♠9



Suður (þú)

♠ 3
♥ ÁD8753
♦ 102
♣ ÁK84

Vestur	Norður	Austur	Suður
—	—	—	1 ♥
pass	2 G ¹	3 ♥ ²	4 ♣ ³
pass	4 ♦ ³	4 ♠	6 ♥
allir pass			

(1) Sterk hjartahækkun, áskorun+.

(2) Spaði og láglitur, 55+.

(3) Fyrirstöður.

Austur tekur á ♠ Á og skiptir yfir í ♦ K.

Áætlun, takk.

58. Sulta

28.2 2012

Norður

♠ 862
♥ KG1094
♦ Á64
♣ D10

Vestur

♠ K109
♥ 6
♦ G95
♣ 976532

Austur

♠ ÁDG754
♥ 2
♦ KD873
♣ G

Suður

♠ 3
♥ ÁD8753
♦ 102
♣ ÁK84

Suður spilar 6♥.

Hrólfur Hjaltason kom aðvífandi með rækjusamloku í annarri hendi og diet kók í hinni. Það var matarhlé í Valsheimilinu, þar sem Íslandsmótið í tvímenni fór fram um helgina:

„Við lentum í ótrúlegri sultu,“ sagði Hrólfur formálaust og hafði í huga snotra hjartaslemmu, sem hann og Ásgeir Ásbjörnsson höfðu meldað eftir harða sagnbaráttu. Austur hafði sýnt minnst tíu spil í hörðu litunum og útspilið var spaði upp á ás og ♦K í öðrum slag. Ásgeir var við stýrið. Hann drap á ♦Á, aftrompaði vörnina og spilaði vongóður laufi á tíuna. Tveir niður.

„Sulta mótsins,“ sagðir Hrólfur svekktur og beit í samlokuna. „Hvað gerðist á þínu borði?“

„Það sama, nema slemman var dobluð.“

„Núúú – sulta ársins.“

Þraut 59

S-NS / Tvímenningur

Norður

♠ ÁD1074

♥ 653

♦ Á62

♣ D7

Útspil: ♥G



Austur (þú)

♠ G2

♥ D4

♦ DG10753

♣ 1083

Vestur	Norður	Austur	Suður
—	—	—	1 G ¹
2 ♣ ²	3 G	allir pass	

(1) 15-17 HP.

(2) Hálitir.

Makker kemur út með ♥G (annað frá brotinni röð), þú yfirtekur með ♥D og átt slaginn.

Þú spilar meira hjarta, sagnhafi drepur með ás og spilar spaða á tíuna og gosann þinn.

Hvað nú?

59. Stund sannleikans

29.2 2012

Norður

♠ ÁD1074

♥ 653

♦ Á62

♣ D7

Vestur

♠ K963

♥ KG1092

♦ 8

♣ 652

Austur

♠ G2

♥ D4

♦ DG10753

♣ 1083

Suður

♠ 85

♥ Á87

♦ K94

♣ ÁKG94

Suður spilar 3G.

Í miðju Íslandsmóttinu í tvímenningi vakti Sigurbjörn (alias Bessi) Haraldsson í suður á einu 15-17 punkta grand. Vestur á lítið, en í ljósi stöðunnar og góðra millispila í hjarta, ákvað hann þó að bjóða upp á hálitina með 2♣. Norður nennti ekki að blaka doblmiðanum gegn hvítum mótherja og stökk einfaldlega í 3G.

Útspilið var hjarta.

Bessi dúkkaði fyrsta slaginn, tók þann næsta á ♥Á og svínaði ♠10. Austur var inni á ♠G.

Nú er stund sannleikans runnin upp í vörninni, en austur hafði engan skilning á því og spilaði sofandi ♦D til baka. Bessi tók báða hátíglana, síðan laufin í botn og þvingaði vestur í hálitunum. Ellefu slagir og toppur.

Hvað gat austur gert?

Spilað spaða og slitið sambandið við blindan.

Þraut 60

S-Allir / Tvímenningur

Norður

♠ ÁG9632

♥ 93

♦ ÁD9

♣ 64

Útspil: ♥7



Suður (þú)

♠ K105

♥ ÁK108

♦ K5

♣ ÁDG2

Vestur	Norður	Austur	Suður
—	—	—	2 G
pass	3 ♠ ¹	pass	4 ♠
pass	4 G ²	pass	5 ♥
pass	5 G ²	pass	6 ♠
pass	7 G ³	allir pass	

(1) Spaði, merkilegt nokk!

(2) Gamaldags Blackwood.

(3) Bjartsýnismaður.

Út kemur smátt hjarta og austur lætur gosann.

Þú drepur og spilar strax ♠K og tíu.

Vestur fylgir með sjöu og áttu.

Svína eða toppa?

60. Eftirsjá

29.2 2012

Norður

♠ ÁG9632

♥ 93

♦ ÁD9

♣ 64

Vestur

♠ D87

♥ 764

♦ G764

♣ 973

Austur

♠ 4

♥ DG52

♦ 10832

♣ K1085

Suður

♠ K105

♥ ÁK108

♦ K5

♣ ÁDG2

Suður spilar 7G.

Bridsmenn eru einfaldar sálir. Frakkinn Roger Trézel (1918-86) var eitt sinn inntur eftir því í viðtali við tímarit hvort hann sæi eftir einhverju sem hann hefði gert eða látið ógert í lífinu.

„Já, sjö gröndunum sem ég tapaði gegn Garozzo.“

Trézel opnaði í suður á 2G, norður meldaði spaðann og Trézel lyfti í fjóra. Norður tók þá völdin og keyrði í 7G eftir spurningar um ása og kónga. Ítalinn ódauðlegi Benito Garozzo var í vestur og kom út með hjarta.

Slemman er vægast sagt hörð, en vinnst þó ef ♠D kemur í leitirnar. Trézel drap ♥G austurs, lagði niður ♠K og spilaði ♠10. Smátt frá Garranum og *ásinn* upp í borði.

„Ég átti að svína,“ sagði Trézel við blaðamann: „Garozzo hefði spilað út spaða frá tveimur hundum frekar en að opna viðkvæman hjartalitinn.“

Þraut 61

N-AV / Tvímenningur

Vestur (þú)

♠ 2

♥ D43

♦ 9763

♣ D8632



Vestur	Norður	Austur	Suður
—	1 ♠	pass	2 ♥
pass	2 G	pass	6 ♦
pass	6 ♥	allir pass	

Þú átt út.

61. Óður til þagnarinnar

9.3 2012

Norður

♠ KDG83

♥ Á5

♦ 102

♣ G1075

Vestur

♠ 2

♥ D43

♦ 9763

♣ D8632

Austur

♠ Á1097654

♥ 72

♦ D

♣ ÁK9

Suður

♠ —

♥ KG10986

♦ ÁKG854

♣ 4

Suður spilar 6♥ dobluð.

Sagnir þróast oft furðulega. Austur á mikil sóknarspil, en eins og málin æxlast er honum hollast að passa til eilífðarnóns.

Í N-S voru nýkrýndir Íslandsmeistarar í tvímenningi, Páll Þórsson og Stefán Stefánsson. Páll kom austri á óvart með því að opna á 1♠. Austur tók létt bakföll, en náði sér fljótt á strik og lagði pass-miðann mjúklega á borðið. Stefán krafði í geim með 2♥ og Páll sagði 2G. Aftur hlaut austur að passa, enda varla vit í því að melda á þessu stigi. Stefán stökk í 6♦ og Páll breytti í 6♥. Hvað nú?

Enn er best að þegja, en í reynd brast þolinmæði austurs og hann leyfði sér að dobla. Það var misráðið, því doblið er af meiði Lightners og biður um útspil í lit blinds. Spaði kom út og Stefán gaf aðeins á ♥D: 1210 og tær toppur.

Þraut 62

V-Allir / Tvímennigur

Norður

♠ ÁK1032

♥ 7

♦ 75

♣ D8642

Útspil: ♦G



Suður (þú)

♠ D

♥ ÁG98632

♦ 83

♣ ÁK7

Vestur	Norður	Austur	Suður
2 ♦	pass	3 ♦	4 ♥

allir pass

Austur tekur tvo slagi á ♦ ÁD og spilar þriðja tíglinum í tvöfalda eyðu.

Hvernig viltu spila?

62. Bananasalan

28.4 2012

Norður

♠ ÁK1032

♥ 7

♦ 75

♣ D8642

Vestur

♠ 864

♥ 104

♦ KG10642

♣ 93

Austur

♠ G975

♥ KD5

♦ ÁD9

♣ G105

Suður

♠ D

♥ ÁG98632

♦ 83

♣ ÁK7

Suður spilar 4♥.

Aðeins einn keppandi Íslandsmótsins fékk verðugt verkefni að glíma við í þessu spili – sá var hinn skeleggi þrautasmiður, Hrólfur Hjaltason.

Fyrir hvern mikilvægan leik þreytir Hrólfur mótherja sína með gátum á borð við: „Nafn á fyrirtæki þar sem stafurinn „a“ er í öðru hvoru sæti.“

Við Hrólfi blasti það verkefni að taka tíu slagi í 4♥ eftir útspil í tígli. Aðrir sagnhafar fengu út lauf og gátu þá hent niður 1-2 tíglum í háspaða. Ekki Hrólfur. Vörnin tók tvo tígulslagi og spilaði þeim þriðja.

„Jááá,“ sagði Hrólfur og trompaði heima. Yfirdrap ♠D og spilaði hjarta úr borði. Austur fór upp með ♥D, Hrólfur tók með ásnum og skellti niður ♥G. Þegar tían féll kylliflöt voru tíu slagir mættir.

„Þú ert enn að hugsa,“ sagði Hrólfur. „Hættu því. Það er Bananasalan.“

Þraut 63

S-AV / Sveitakeppni

Norður

♠ ÁK987

♥ 5

♦ 98752

♣ 65

Útspil: ♥7



Suður (þú)

♠ G104

♥ Á32

♦ KDG1064

♣ 4

Vestur	Norður	Austur	Suður
—	—	—	1 ♦
2 ♣	2 ♠	5 ♣	pass
pass	6 ♦	allir pass	

OK – sagnir eru eftir einhverri annarri bók.
But the play is the thing.

Hvað ætlaðu að gera með hjarta út?

63. Jakobssvíning

24.7 2012

Norður

♠ ÁK987

♥ 5

♦ 98752

♣ 65

Vestur

♠ D32

♥ 7

♦ Á3

♣ DG109873

Austur

♠ 65

♥ KDG109864

♦ —

♣ ÁK2

Suður

♠ G104

♥ Á32

♦ KDG1064

♣ 4

Suður spilar 6♦.

Svíningar eru til í margvíslegum myndum. Grunnstefið þekkja allir. Tilbrigði eins og trompsvíning, djúpsvíning og hringsvíning eru líka vel kunn. En hafa menn heyrt talað um Jakobssvíningu?

Jakob Kristinsson er búsettur í Bandaríkjunum og spilar oft í stórmótum þar í álfu. Hann tók þátt í sumarleiknum í „Philly“ og sendi íslenskum spilurum kveðjur og fréttir á spjallvef BSÍ (bridge.is). Og eitt stórbrotið spil.

Jakob var í suður og opnaði á 1♦. Vestur sagði 2♣, norður 2♠ og austur stökk í 5♣. Passað til norðurs, sem læddi sér í 6♦. Og allir pass.

Spilamennskunni lýsir Jakob þannig: „Út kom hjarta upp á ás og tígulfjarka svínað. Spaða svínað og slétt staðið.“

Tígulfjarka *svínað!*? Já – fjarkanum spilað að heiman, þristur frá vestri og tvistur úr borði.

Jakobssvíning.

Þraut 64

A-Allir / Sveitakeppni



Suður (þú)

♠ ÁKD1043

♥ ÁG7

♦ 32

♣ D10

Vestur	Norður	Austur	Suður
—	—	1 ♣ ¹	1 ♠
2 ♥	2 ♠	pass	3 ♥
pass	3 ♠	pass	?

(1) Lauf eða jöfn skipting.

One for the road?

64. Póstmóðernískar sagnir

30.8 2012

Norður

♠ G98

♥ 84

♦ 984

♣ ÁG942

Vestur

♠ 5

♥ KD10962

♦ 765

♣ 873

Austur

♠ 762

♥ 53

♦ ÁKDG10

♣ K65

Suður

♠ ÁKD1043

♥ ÁG7

♦ 32

♣ D10

Suður spilar 3G redobluð.

Svíarnir Fredrik Nyström og Johan Upmark spila póstmóðernískan Standard, þar sem opnun á laufi getur innihaldið „royal flush“ í tígli. Nyström var með spil austurs í úrslitaleiknum við Pólverja og opnaði á 1♣. Cezary Balicki kom inn á 1♠ og Upmark sagði 2♥. Adam Zmudzinski studdi spaðann og Balicki reyndi við geim með 3♥.

Þegar andstaðan hefur meldað tvo liti er almenna reglan sú að sögn í öðrum er styrkmelding frekar en spurning um grandstopp. Balicki var því lýsa yfir geimáhuga með hjarta-fyrirstöðu. Zmudzinski afþakkaði með 3♠, en Balicki var ekki af baki dottinn og sagði sjálfur 3G. Passað til austurs.

„Dobl,“ sagði Nyström í merkingunni: „Ég vildi að ég ætti út.“

„Redobl,“ sagði Balicki í merkingunni: „Yfir til þín, makker.“

Allir pass. Lauf út, misheppnuð svíning og tveir niður.

Þraut 65

N-NS / Sveitakeppni

Vestur (þú)

♠ D4

♥ G532

♦ 865

♣ Á1075



Vestur	Norður	Austur	Suður
--------	--------	--------	-------

—	1 ♣	1 ♥	2 ♦
---	-----	-----	-----

3 ♥	3 G	4 ♥	4 ♠
-----	-----	-----	-----

allir pass

Hvert er útsplið?

(Sagnir eru lúseðlilegar.)

65. Regla eitt

27.7 2012

Norður

♠ 875
♥ ÁK64
♦ Á10
♣ K863

Vestur

♠ D4
♥ G532
♦ 865
♣ Á1075

Austur

♠ ÁK10
♥ D10987
♦ G
♣ DG92

Suður

♠ G9632
♥ —
♦ KD97432
♣ 4

Suður spilar 4♠.

Tor Helness opnaði á 1♣ í norður og Bobby Levin stakk inn 1♥. Síðan kom nokkurt hlé á Bridgebase og greinilegt að suður var að hugsa. Sá hugsuður var Geir Helgemo.

„Nota þeir yfirfærslur í sagnbaráttu?“ spurði einn spekingurinn á skýrendaspjallinu.

„Held ekki,“ svaraði David Burn: „Ég veit þeir nota Stayman og Blackwood, en hef ekki heyrt að þeir hafi tekið upp aðrar sagnvenjur.“

Rétt til getið. Helgemo sagði 2♦. Steve Weinstein í vestur stökk í 3♥ og Helness sagði 3G. Levin fórnaði í 4♥ og Helgemo reyndi 4♠. Allir pass.

„Gæti unnist, gæti tapast,“ sagði Burn: „Fer eftir því hvort vestur fylgir *reglu eitt* eða ekki.“

„Reglu eitt?“

„Já, að spila aldrei út í lit makkers.“

Weinstein kunni ekki regluna og kom út með hjarta.

Þraut 66

S-NS / Sveitakeppni

Norður (þú)

♠ —

♥ G932

♦ ÁG9

♣ ÁK10973



Vestur	Norður	Austur	Suður
—	—	—	2 ♥ ¹
4 ♦ ²	?		

(1) Sexlitur í hjarta, 10-13 HP (Fantunes).

(2) Tígull og spaði, minnst 5-5.

Hvernig ætlaðu að taka á málum?

66. Pókertaktar

28.8 2012

Norður

♠ —
♥ G932
♦ ÁG9
♣ ÁK10973

Vestur

♠ KG6432
♥ 6
♦ K108743
♣ —

Austur

♠ ÁD875
♥ 107
♦ D2
♣ G654

Suður

♠ 109
♥ ÁKD854
♦ 65
♣ D82

Suður spilar 7♥ dobluð.

Sænski töffarinn Peter Bertheau beitti pókertöktum í þessu spili úrslitaleiksins við Pólverja. Makker hans, Per-Ola Cullin, var gjafari í suður og opnaði óvænt á 2♥ (sexlitur og 10-13 punktar).

Krzysztof Buras kunni ráð við því – stökk í 4♦ til að sýna tígul og spaða. Komið að Bertheau. Hann hélt niðri í sér andanum, setti upp sólgleraugin og sagði 4♥: „Þar og þá ákvað ég með sjálfum mér að melda yfir hverri sögn mót-herjanna, en ég vissi að það yrði að byrja rólega.“

Næstur í púltið var Grzegorz Narkiewicz. Hann hoppaði í 5♠ – áskorun í slemmu. Buras afþakkaði, en Bertheau sagði 6♥ í samræmi við fyrri áætlun. Narkiewicz reyndi 6♠ og aftur bætti Bertheau um betur með 7♥.

„Nú var austur orðinn skakkur af spenningi og doblaði,“ útskýrir Bertheau. Þrettán léttir slagir og 20 stig til Svía.

Hitt borðið: 6♠ doblaðir, einn niður.

Praut 67

N-AV / Sveitakeppni

Norður

♠ G95

♥ ÁK

♦ 7

♣ KDG9742

Vestur (þú)

♠ KD10872

♥ 52

♦ ÁD4

♣ 105



Vestur	Norður	Austur	Suður
—	1 ♣	1 ♦	1 ♥
1 ♠	2 ♣	pass	2 ♥
2 ♠	3 ♥	3 ♠	4 ♥
allir pass			

Þú byrjar á spaðakóng og átt slaginn.

Hvað svo?

67. Stirðnað bros

5.9 2012

Norður

♠ G95

♥ ÁK

♦ 7

♣ KDG9742

Vestur

♠ KD10872

♥ 52

♦ ÁD4

♣ 105

Austur

♠ Á3

♥ 1086

♦ K98632

♣ 63

Suður

♠ 64

♥ DG9743

♦ G105

♣ Á8

Suður spilar 4♥.

Svíinn Per-Ola Cullin var með spil vesturs í leik við Ísrael í 16-liða úrslitum heimsleikanna. Norður opnaði á Standard-laufi og Peter Bertheau í austur kom létt inn á 1♦. Síðan tók við hægfara sagnbarátta sem endaði í 4♥. Cullin lagði af stað með ♠K og átti slaginn.

Hvað nú?

Hollendingurinn Simon de Wijs og Ítalinn Fulvio Fantoni stóðu í sömu sporum og Cullin í sínum leikjum. Báðir spiluðu spaða áfram. Það var ekki leiðin til lífsins.

Cullin var fyrst með sömu hugmynd í kollinum – að taka annan spaðaslag og veikja síðan tromp blinds með tveimur tíglum í von um ♥Gxx eða ♥Dx hjá makker. En svo kveikti hann á perunni: Ef ráðist er á samgang sagnhafa í *laufi* er nóg að austur sé með þrjá bláhunda í hjarta.

Cullin spilaði ♣10 og sá hvernig dauft brosið stirðnaði á vörum sagnhafa.

Þraut 68

N-AV / Sveitakeppni

Norður (þú)

♠ 74

♥ 96

♦ 53

♣ Á1097432



Vestur	Norður	Austur	Suður
—	?		

Er þetta nógu gott í 3♣?

68. Sundurgerðarmaður

19.10 2012

Norður

♠ 74

♥ 96

♦ 53

♣ Á1097432

Vestur

♠ K102

♥ ÁK532

♦ G96

♣ G8

Austur

♠ G93

♥ DG1074

♦ 10872

♣ 5

Suður

♠ ÁD865

♥ 8

♦ ÁKD4

♣ KD6

Suður spilar 1♠.

Hvað gera menn sem ekki eiga klæðskerasaumuð fót fyrir tilefnið? Sitja heima á nærbuxunum? Sumir gera það, en hinum farnast yfirleitt betur sem skella sér í besta gallann og drífa sig af stað. Eins er það í sögnum.

Norður er gjafari á hagstæðum hættum. Er óhætt að opna á 3♣?

Ja, liturinn mætti auðvitað vera þéttari, en þetta er kjörstaða fyrir frjálslegan klæðnað og flestir myndu láta vaða í 3♣. Ekki þó Pólverjinn Jaworski. Honum þótti lafið of gisið og sagði pass. Makker hans opnaði á 1♠ og aftur fann Jaworski engin not fyrir klæðnaðinn og passaði.

Suður rúllaði upp ellefu slögum í 1♠, en 200 sagði lítið upp í 920 á hinu borðinu sem N-S tóku fyrir 6♣. Þar opnaði norður á 3♣, suður spurði um ása og fór í slemmu þegar hann frétti af einum.

Borðleggjandi spil.

Praut 69

N-NS / Sveitakeppni

Norður

♠ 1032

♥ K

♦ ÁKD10764

♣ Á10

Austur (þú)

♠ D9

♥ ÁD108732

♦ 2

♣ K54

Útspil: ♥4



Vestur

Norður

Austur

Suður

—

1 ♣¹

3 ♥

3 G

allir pass

(1) 16+ HP, Precision.

Hvernig viltu verjast?

69. Blaðsíða þrjú

18.1 2013

Norður

♠ 1032

♥ K

♦ ÁKD10764

♣ Á10

Vestur

♠ KG74

♥ 4

♦ G953

♣ G976

Austur

♠ D9

♥ ÁD108732

♦ 2

♣ K54

Suður

♠ Á865

♥ G965

♦ 8

♣ D832

Suður spilar 3G.

Sævar Þorbjörnsson hélt á spilum austurs á fyrsta degi Reykjavíkurmótsins. Norður opnaði á sterku laufi og Sævar stökk hindrandi í 3♥.

Hrólfur Hjaltason sat í suður. Hrólfur óttaðist að dobl væri ávísun á vandræði og teygði sig í 3G. Allir pass og ♥4 kom út.

Sævar tók fyrsta slaginn á ♥Á og fór yfir sviðið. Vörnin á vart möguleika nema vestur stoppi tígulinn og á þeim forsendum ákvað Sævar að ráðast á hliðarinnkomu blinds – skipti hvasst yfir í laufkóng!

„Aha,“ hugsaði Hrólfur. „Þetta er á blaðsíðu þrjú í bókinni.“ Drap svo á ♣Á, fór heim á ♠Á, spilaði tígli og svínaði tíunni. Tíu slagir.

„Eitt andartak var ég hræddur um að Sævar væri á blaðsíðu hundrað og þrjú. Þar stendur að austur eigi að skipta yfir í laufkóng með tígulgosann til hliðar.“

Þraut 70

N-AV / Sveitakeppni

Norður

♠ DG983

♥ ÁKD

♦ K1043

♣ 8

Útspil: ♣G



Suður (þú)

♠ K10

♥ 74

♦ ÁG752

♣ ÁK96

Þú verður sagnhafi í 6♦ án aðkomu A-V
að sögnum.

Sýndu nú meistaratakta!

70. Meistarataktar

19.1 2013

Norður

♠ DG983

♥ ÁKD

♦ K1043

♣ 8

Vestur

♠ Á7654

♥ G9

♦ 6

♣ G10754

Austur

♠ 2

♥ 1086532

♦ D98

♣ D32

Suður

♠ K10

♥ 74

♦ ÁG752

♣ ÁK96

Suður spilar 6♦.

Enginn veit nákvæmlega hvernig það byrjaði, en árum saman hefur Bjarni Hólmar Einarsson verið ávarpaður sem „Meistarinn“ í hópi spilafélaga sinna. „Hvað segir Meistarinn um það?“ er spurt og Bjarni svarar.

Bjarni var einn af fjölmörgum sagnhöfum í tígulslemmu í spilinunni að ofan. Þetta var á þriðjudagskvöldið síðasta, í Reykjavíkurmótinu í sveitakeppni. Mótherjarnir í AV höfðu ekkert skipt sér af sögnum og vestur kom út með lauf.

Leynist meistaraleikur í stöðunni?

Auðvitað er engin ástæða til að svína fyrir trompdrottninguna í austur og myndi slík spilamennska flokkast undir grís frekar en meistarataкта. En Bjarni stóð undir nafni. Hann drap á ♣ Á og spilaði ♠ 10 í öðrum slag!

Skiljanlega áleit vestur að tían væri einsömul og dúkkaði. Þá gat Bjarni tekið tvo efstu í tígli og hent síðan ♠ K niður í háhjarta.

Þraut 71

S-NS / Sveitakeppni

Norður

♠ 763

♥ K8

♦ ÁDG3

♣ KG42

Útspil: ♣ 10



Suður (þú)

♠ K4

♥ Á764

♦ K107

♣ Á865

Vestur	Norður	Austur	Suður
—	—	—	1 ♣ ¹
1 ♠	2 ♠ ²	pass	2 G
pass	3 G	allir pass	

(1) Standard.

(2) Góð hækkun í laufi, áskorun+.

Er þetta einfalt spil?

71. Naumur tími

14.4 2013

Norður

♠ 763
♥ K8
♦ ÁDG3
♣ KG42

Vestur

♠ ÁD982
♥ D1032
♦ 84
♣ 103

Austur

♠ G105
♥ G95
♦ 9652
♣ D97

Suður

♠ K4
♥ Á764
♦ K107
♣ Á865

Suður spilar 3G.

Tíminn er eitt og annað. Peningar, segir athafnamenn. Vatn, segja skáldin. Afstæður, segja eðlisfræðingar. En frá sjónarhóli bridspilara er tíminn fyrst og fremst *naumur* – einkum í fyrsta slag.

Suður opnar á Standard-laufi og vestur læðist inn á 1♠ í skjóli stöðunnar. Skömmu síðar á vestur út gegn 3G og fer stillt af stað með ♣10.

Útkoma í spaða hefði fært sagnhafa níunda slaginn á silfurfati, en á hinn bóginn er ♣10 ekki hættulaust útspil upp í opunarlit sagnhafa. En vel heppnað, virðist vera, úr því að austur á ♣9 með drottningunni.

Sagnhafi má engan tíma missa að eigin mati og drepur því eldsnögg á ♣Á. Þar með er spilið dautt, því austur kemst á endanum inn á lauf til að spila ♠G í gegnum kónginn.

Smá umhugsun í fyrsta slag hefði getað skilað góðri hugmynd: að *dúkka* ♣10.

Þraut 72

N-Allir / Tvímenningur

Norður

♠ ÁK96

♥ 8752

♦ 103

♣ K87

Útspil: ♦Á



Suður (þú)

♠ G52

♥ ÁD

♦ K

♣ ÁDG6542

Vestur	Norður	Austur	Suður
—	1 ♦ ¹	1 ♥	2 ♣
pass	3 ♣	pass	6 ♣
allir pass			

(1) Precision (að sögn).

Sagnir eru kæruleysislegar, en niðurstaðan er ekki alvond.

Vestur tekur á ♦Á og skiptir yfir í ♥G í slag tvö.

Ertu með skvístæknina á hreinu?

72. Hefðarréttur

19.4 2013

Norður

♠ ÁK96

♥ 8752

♦ 103

♣ K87

Vestur

♠ 843

♥ G9

♦ ÁD942

♣ 1093

Austur

♠ D107

♥ K10643

♦ G8765

♣ —

Suður

♠ G52

♥ ÁD

♦ K

♣ ÁDG6542

Suður spilar 6♣.

Þvingunarnafnanefnd hefur lagt blessun sína yfir heitið *kriss-kross-tromp-skvís*. Í greinargerð nefndarinnar segir að nafnið hafi unnið sér hefðarrétt og verði ekki með góðu móti í brott rekið, nema þá annað betra komi í staðinn.

Fallegur kriss-kross-tromp-skvís fæddist í Hafnarfirði á mánudaginn. Norður vakti á gúmmítigli (Precision) og austur skaut inn hjartasögn. Þetta hvort tveggja hafði örvandi áhrif á suður og sögnum lauk ekki fyrr en í slemmu.

Út kom ♦ Á og ♥ G í öðrum slag.

Þvingunin gengur upp ef austur á ♠ D til hliðar við hjartalengdina. Suður tekur öll trompin nema eitt og annan hjartaslag. Þá eru fjögur spil á hendi. Blindur er með ♠ ÁK og ♥ 87, en suður á eitt tromp og ♠ G52. Austur hefur þá þegar orðið að gefa upp valdið á öðum hálitnum, fara niður á ♠ Dx eða eitt hjarta.

Þraut 73

V-Enginn / Sveitakeppni



Suður (þú)

♠ K5

♥ ÁKG765

♦ K864

♣ 9

Vestur	Norður	Austur	Suður
2 ♠ ¹	3 ♦	3 ♠	4 ♠ ²
pass	5 ♣	pass	?

(1) Veikir tveir.

(2) Slemmuáhugi í tígli.

Er þetta slemma eða er nóg að gert?

Hvað viltu segja?

(Ertu sammála 4♠ í fyrri hring?)

73. Sá gamli

8.6 2013

Norður

♠ G7
♥ D4
♦ ÁD752
♣ ÁDG7

Vestur

♠ Á1098432
♥ 108
♦ G10
♣ 43

Austur

♠ D6
♥ 932
♦ 93
♣ K108652

Suður

♠ K5
♥ ÁKG765
♦ K864
♣ 9

Suður spilar 6♥.

Þessi ágæta slemma fór forgörðum á báðum borðum í fyrri viðureign Íslands og Danmerkur á NL í Keflavík. Skoðum sagnir þar sem Bjarni Einarsson og Aðalsteinn Jörgensen voru í N-S gegn Bilde-fedgum, þeim Morten og Dennis.

Dennis (ungen) opnaði á 2♠, veikum, Bjarni kom inn á 3♦ og Morten (den gamle) sagði 3♠. Aðalsteinn sýndi tígulstuðning og slemmuáhuga með 4♠ og Bjarni tók þátt í slemmuleit með fyrirstöðusögn á 5♣. Nú þótti Aðalsteini nóg komið með kónginn í spaða, berskjaldaðan fyrir gegnumspili. Hann sagði því 5♦ og þar lauk sögnum.

Það er full ástæða til að hrósa Morten fyrir að þvælast fyrir með 3♠. Sú sögn virðist tilgangslaus, en svo er alls ekki. Ef austur passar 3♦, getur suður sagt 3♥ (krafa) og þá er leiðin greið í „réttthenta“ hjartaslemmu: norður hækkar í 4♥, suður spyr um lykilspil og segir 6♥ af öryggi í kjölfarið.

Þraut 74

S-Enginn / Tvímenningur

Vestur (þú)

♠ 73

♥ K7

♦ ÁKG1063

♣ 943



Vestur	Norður	Austur	Suður
—	—	—	1 ♠
2 ♦	4 ♠	5 ♣ ¹	5 ♦ ²
pass	5 ♠	allir pass	

(1) Eðlilegt eða útspilsvísandi með tígulfitt.

(2) Fyrirstaða.

Þitt er að spila út.

74. Með og móti

5.9 2013

Norður

♠ ÁK1052

♥ D65

♦ 852

♣ D7

Vestur

♠ 73

♥ K7

♦ ÁKG1063

♣ 943

Austur

♠ 9

♥ 983

♦ 94

♣ KG108652

Suður

♠ DG864

♥ ÁG1042

♦ D7

♣ Á

Suður spilar 5♠.

Sagt er að hættulegustu andstæðingarnir séu „pros and cons“ – atvinnumenn (*professionals*) og svikahrappar (*con artists*). „Sumir eru hvort tveggja,“ segir Barry Rigal.

Rigal var með enska Svíann Gunnar Hallberg í huga. Gunnar hélt á spilum suðurs í tvímenningi og opnaði á 1♠. Vestur kom inn á 2♦, norður stökk í 4♠ og austur sagði 5♣.

„Alert!“ Vestur bankaði í borðið: „Getur verið útspils-vísandi með tígulfitt.“

Gunnar sá sér leik á borði, sagði 5♦, eins og hann hefði slemmuáhuga með tígulfyrirstöðu. Norður breytti í 5♠ og þar lauk sögnum.

„Hvaða melalskussi sem er getur spilað út tígli,“ bendir Rigal á. En hetjan í vestur vissi betur og kom út með lauf – drottning í borði (!), kóngur og ás.

Gunnar spilaði trompi á blindan og svínaði strax í hjarta. Vestur drap og spilaði laufi, sigri hrósandi . . .

Þraut 75

S-Allir / Sveitakeppni

Norður

♠ 75
♥ DG83
♦ K742
♣ D63

Austur (þú)

♠ ÁG932
♥ Á4
♦ G985
♣ G5

Útspil: ♠K



Vestur	Norður	Austur	Suður
—	—	—	1 ♥
pass	3 ♣ ¹	pass	3 ♥
allir pass			

(1) Bergen (upprunalegur): 7-9 HP og 4-litur í hjarta.

Hvernig sérðu fyrir þér vörnina?

75. Lögmálið snuprað

22.10 2013

Norður

- ♠ 75
- ♥ DG83
- ♦ K742
- ♣ D63

Vestur

- ♠ KD108
- ♥ 95
- ♦ D106
- ♣ K1087

Austur

- ♠ ÁG932
- ♥ Á4
- ♦ G985
- ♣ G5

Suður

- ♠ 64
- ♥ K10762
- ♦ Á3
- ♣ Á942

Suður spilar 3♥.

Lögmálið um fylgni slaga og trompa kemur oft við sögu í sagnbaráttu. Stutta útgáfan er þessi: „Fjöldi slaga sem taka má í lengsta lit beggja hliða er jafn heildarfjölda trompa.“

Dæmið að ofan er frá 8-liða úrslitum HM. Trompfjöldinn er 18: níu spaðar í A-V og níu hjörtu í N-S. Heildarslagir ættu samkvæmt því að vera 18 líka. Er það svo?

A-V eiga níu slagi í spaðasamningi með því að hitta í laufið. Engu skiptir þótt vörnin taki stunguna í tígli, því þá hverfur slagurinn á hjarta. Og ekki ber á öðru en N-S fái líka níu slagi í hjörtum. Augljósir tapslagir eru bara fjórir, tveir á spaða, ♥Á og ♣K. Átján slagir, samtals.

En Pólverjinn Balicki snupraði lögmálið með góðri vörn gegn 3♥. Hann *yfirdrap* ♠K makkers í fyrsta slag og skipti yfir í ♣G. Einn niður á stungu.

Þraut 76

S-AV / Sveitakeppni

Norður

♠ 963

♥ ÁK732

♦ D103

♣ G5

Útspil: ♠7



Suður (þú)

♠ K8

♥ D

♦ ÁG952

♣ ÁD1063

Vestur	Norður	Austur	Suður
—	—	—	1 ♦
1 ♠	dobl ¹	pass	3 ♣
pass	3 ♦	pass	3 G
allir pass			

(1) Neikvætt dobl.

Vestur kemur út með fjórða hæsta spaðann, austur leggur til gosann og þú drepur á kónginn.

Hvernig hyggstu reyna við níu slagi?

76. Styrjuhrognið

14.11 2013

Norður

♠ 963
♥ ÁK732
♦ D103
♣ G5

Vestur

♠ ÁD10754
♥ 1086
♦ K74
♣ K

Austur

♠ G2
♥ G954
♦ 86
♣ 98742

Suður

♠ K8
♥ D
♦ ÁG952
♣ ÁD1063

Suður spilar 3G.

„Ég vildi ekki setja öll eggin í sömu körfuna,“ sagði suður og var nokkuð drjúgur með sig. Hann mátti líka vera það.

Suður fékk út lítinn spaða gegn grandgeiminu, drap gosa austurs og velti vöngum. Vestur hafði skotið inn spaðasögn og átti því alla vega fimmlit og sennilega annan láglitakónginn, jafnvel báða.

Besti vinningsmöguleikinn er greinilega sá að yfirdrepa ♥D og svína fyrir ♦K. Ef kóngurinn er réttur fást fimm slagir á tígul og níu í allt. En suður átti annað egg í fórum sínum, sem sjálfsgat var að sjóða fyrst. Hann lagði niður ♣Á í öðrum slag. Þegar kóngurinn féll bljúgur undir ásinn var svíningin í tígli óþörf.

„Ótrúleg heppni,“ kvartaði vestur og sagnhafi mótmælti því ekki. Líkur á ♣K blönkum eru sáralitlar – á bilinu 1-2%.

„En hrogn eru líka egg,“ sagði suður réttilega.

Þraut 77

N-NS / Sveitakeppni



Suður (þú)

♠ ÁKDG753

♥ K

♦ 97

♣ Á43

Vestur	Norður	Austur	Suður
—	pass	pass	1 ♠
2 G ¹	3 ♥	4 ♦	?

(1) Láglitir.

Hver er sögnin?

77. Andardráttur

15.11 2013

Norður

♠ 1042
♥ ÁD874
♦ G4
♣ KG10

Vestur

♠ 6
♥ 53
♦ ÁKD65
♣ D9752

Austur

♠ 98
♥ G10962
♦ 10832
♣ 86

Suður

♠ ÁKDG753
♥ K
♦ 97
♣ Á43

Suður spilar 6♠.

Englendingurinn John Holland dró djúpt andann, fullur eftirvæntingar. Makker hans í norður vakti á 1♥ og sjálfur var Holland með átta örugga slagi. Það var ilmur af slemmu í loftinu.

Spilið er frá ensku deildakeppninni, sem lauk um síðustu helgi. Holland svaraði á 1♠ og vestur skaust inn á „unusual“ 2G til að sýna láglitina. Norður passaði og Andy Robson í austur stökk í 5♦. Hvað nú?

Holland dæsti. Hann hafði séð fyrir sér hægfara og vísindalegt samtal við makker, en nú var ekki svigrúm fyrir annað en blinda ágiskun. Holland hélt niðri í sér andanum og stökk í 6♠. En hitti ekki á það, makker átti ónýtt tvíspili í tígli líka.

Á hinu borðinu passaði norður í byrjun, suður opnaði á 1♠ og vestur kom inn á 2G. Norður sýndi hjartalitinn og austur lét 4♦ duga. Það var ekki nóg, því nú gat suður afhjúpað tígulveikleikann með stökki í 5♠. Allir pass.

Þraut 78

S-AV / Rúbertubrids

Norður

♠ DG10

♥ 105

♦ KD873

♣ 863

Útspil: ♥8



Suður

♠ ÁK9

♥ K7

♦ 42

♣ ÁKG1054

Vestur	Norður	Austur	Suður
—	—	—	1 ♣
pass	1 ♦	pass	2 G
pass	3 G	allir pass	

Út kemur ♥8 (fjórða hæsta) á drottningu austurs og kóng þinn.

Þú leggur niður ♣Á í öðrum slag en veiðir ekkert merkilegt.

Og svo?

78. Fjandinn laus

18.11 2013

Norður

♠ DG10

♥ 105

♦ KD873

♣ 863

Vestur

♠ 874

♥ ÁG982

♦ 965

♣ D7

Austur

♠ 6532

♥ D643

♦ ÁG10

♣ 92

Suður

♠ ÁK9

♥ K7

♦ 42

♣ ÁKG1054

Suður spilar 3G.

Það urðu fagnaðarfundir í fjölskyldunni þegar þau hittust við spilaborðið, skrattinn í suður og amman í vestur. En fljótlega varð fjandinn laus.

Eftir útspil í hjarta þarf að hitta í laufið. Tvennt kemur til greina þegar ♣D skilar sér ekki í ásinn: að fara inn í borð og svína, eða leggja niður kónginn. Heppni ræður för, því líkur eru svipaðar.

Suður ætlaði ekki að láta kylfu ráða kasti í svo mikilvægu máli. Hann tók á ♣Á í öðrum slag og fylgdi fast á eftir með kóngnum . . . í spaða! Meiningin var að veiða vestur til að upplýsa stöðuna. Siðlaust, auðvitað, en löglegt, því það má taka slagina sína í hvaða röð sem er.

En amman í vestur þekkti drenginn sinn vel og henti „óvart“ tígli í ♠K. Leiðrétti sig svo í hveli.

Framhaldið er öllum ljóst: þokkapilturinn fór inn í borð á ♠D og svínaði í laufinu . . .

Þraut 79

S-AV / Sveitakeppni



Austur (þú)

♠ KD7

♥ 74

♦ ÁDG532

♣ Á9

Vestur	Norður	Austur	Suður
—	—	—	2 ♥ ¹
pass	4 ♥	?	

(1) Tartan: hjarta og láglitur, veikt.

Þér er boðið að velja sögn.

79. Deyfð

3.12 2013

Norður

♠ G109864

♥ KD62

♦ 74

♣ 6

Vestur

♠ 532

♥ ÁG

♦ K109

♣ KD543

Austur

♠ KD7

♥ 74

♦ ÁDG532

♣ Á9

Suður

♠ Á

♥ 109853

♦ 86

♣ G10872

Suður spilar 4♥.

Agustin Madala stóð frammi fyrir þremur valkostum, öllum slæmum. Hann var í austur, fjórði maður á mælenda-skrá. Fyrsti ræðumaður í suður var kunningi hans úr alþjóðaklúbbi farandspilara, norski heimsborgarinn Geir Helgemo. Gefum honum gott klapp.

Helgy hóf sönginn á Tartan 2♥ (veikt með 5-5 í hjarta og láglit). Vestur (Norberto Bocchi) sagði pass, og norður (Tor Helness) stökk í 4♥. Komið að Madala. Hvað gerði hann?

Ef þetta spil kæmi upp á pallborð til umræðu yrðu þrjár sagnir strax nefndar til sögunnar: 5♦, dobl og pass. Sennilega fengi doblið flest atkvæði vegna „sveigjanleikans“ margrómaða, sem alltaf einkennir þá sögn, en 5♦ kæmu fast á eftir í öðru sæti. Það kom því skýrendum á BBO verulega á óvart þegar Madala valdi að passa. Uppskeran var rýr: 100-kall fyrir tvo niður.

„Tvíspilið í hjarta hefur haldið aftur af honum,“ héldu menn.

Þraut 80

S-Enginn / Sveitakeppni

Norður (þú)

♠ D76

♥ 6

♦ KG83

♣ G10843



Vestur	Norður	Austur	Suður
—	—	—	1 ♦ ¹
6 ♥	?		

(1) Standard.

Ætlaðu að blanda þér í þetta?

80. Vont bötlerspil

15.2 2014

Norður

♠ D76

♥ 6

♦ KG83

♣ G10843

Vestur

♠ —

♥ KDG10983

♦ —

♣ ÁKD975

Austur

♠ 1098542

♥ Á4

♦ 942

♣ 62

Suður

♠ ÁKG3

♥ 752

♦ ÁD10765

♣ —

Suður spilar 7♦ **doblaða**.

Kristján Blöndal var í símanum: „Ertu með penna? Eyða, mannsþilin sjöundu, eyða, og þrír efstu sjöttu. Náðirðu þessu? Núll-sjö-núll-sex.“

„Eeehh . . .“

„Þú ert í vestur og suður opnar á tígli. Allir utan.“

Kristján fékk þetta óvenjulega viðfangsefni í Reykjavíkurmótinu fyrir skömmu. Ýmislegt kemur til greina, en Kristján er hreinlyndur maður og hann stökk beint í 6♥. Í andstöðunni voru hjónin Ljósbrá Baldursdóttir og Matthías Þorvaldsson. Matthías gerði sér grein fyrir alvöru málsins og „fórnaði“ í 7♦. Kristján **doblaði** og lagði niður ♣Á.

Kom þá til kasta Ljósbrár. Hún trompaði útspilið, tók einu sinni tromp, spilaði spaða fjórum sinnum og henti niður hjarta. Vixltrompaði svo restina: þrettán slagir og 1630.

Kristján var enn í símanum: „Ég vil ekki væla, en þetta var ekki gott fyrir bötlerinn . . .“

Þraut 81

N-Allir / Sveitakeppni

Vestur (þú)

♠ 1082

♥ D9873

♦ —

♣ G9765



Vestur	Norður	Austur	Suður
—	1 ♦	pass	1 ♠
1 G ¹	4 ♣ ²	4 ♥	4 G ³
pass	5 ♣ ⁴	pass	5 ♦ ⁵
pass	6 ♠ ⁶	allir pass	

(1) Hinir litirnir! (hjarta og lauf).

(2) Splinter.

(3) Lykilspilaspurning.

(4) Þrjú lykilspil.

(5) „En drottningin í trompi?“

(6) „Hún er hjá mér.“

Tvær spurningar:

Er ástæða til að segja eitthvað?

Hvert er útspilið?

81. Viðsnúinn Lightner

25.2 2014

Norður

♠ KD43

♥ Á65

♦ ÁKG83

♣ 10

Vestur

♠ 1082

♥ D9873

♦ —

♣ G9765

Austur

♠ 65

♥ G1042

♦ 10764

♣ ÁD2

Suður

♠ ÁG97

♥ K

♦ D952

♣ K843

Suður spilar 6♠ doblaða.

„Ja-hérna.“ Eitt andartak misstu þeir málið, skýrendur á BBO, sem sátu yfir tölvunni á febrúarkvöldi fyrir skömmu og fylgdust með úrslitaleik NEC-bikarsins í Japan.

Það var Hollendingurinn Sjoert Brink sem sleit tunguna úr hinum annars glaðbeittu skýrendum. Hann var í vestur og kom mikið við sögu spilsins, án þess að hafa beinlínis efni á því, að sumra mati.

Norður vakti á einum tígli og suður svaraði á spaða. „Eitt grand!“ Brink var mættur á svæðið til að sýna hina litina með „very unusual“ grand-innákömu. Norður stökk í 4♣ (splinter), austur sagði 4♥, en suður átti nóg til að stýra spilinu í 6♠. Þá doblaði Brink óvænt! Kom síðan út með lítið lauf og fékk tígul til baka: einn niður.

Ný tunga óx í koki skýrenda og tók til máls með gremjublandinni aðdáun: „Fyrst meldar hann á engin spil, vekur svo makker sinn með öfugu slemmudobli og hittir loks á eina útspilið. Ja-hérna.“

Þraut 82

S-Enginn / Sveitakeppni

Norður

♠ 10
♥ D2
♦ DG43
♣ KD10974

Útspil: ♦9



Suður (þú)

♠ KG8
♥ Á85
♦ ÁK7
♣ Á632

Vestur	Norður	Austur	Suður
—	—	—	1 ♣ ¹
1 ♠	2 ♠ ²	pass	4 G ³
pass	5 ♦	pass	6 G
allir pass			

(1) Standard.

(2) Góð hækkun í laufi.

(3) Lykilspilaspurning.

Hvernig viltu spila?

82. Tveggja-þrepa lyf

1.5 2014

Norður

- ♠ 10
- ♥ D2
- ♦ DG43
- ♣ KD10974

Vestur

- ♠ ÁD7643
- ♥ K1064
- ♦ 98
- ♣ 8

Austur

- ♠ 952
- ♥ G973
- ♦ 10652
- ♣ G5

Suður

- ♠ KG8
- ♥ Á85
- ♦ ÁK7
- ♣ Á632

Suður spilar 6G.

Háls-, nef- og eyrnalæknirinn var bjartsýnn: „Ég ætla að gefa þér öflugt fúkkalyf,“ sagði hann og útskýrði nánar: „Það vinnur eins og handrukkari – rífur bakteríurnar upp á hárinu með annarri hendi og kýlir þær kaldar með hinn.“

Stillir upp og kýlir. Minnir óneitanlega á úrspilstækni, sem líka vinnur sitt verk í tveimur áföngum: fyrst með þvingun, síðan innkasti í kjölfarið. Erlenda heitið á lyfseðlinum er *skvísendplei*.

Pröstur Ingimarsson sýndi hvernig lyfið virkar í beinni útsendingu á BBO á þriðja degi Íslandsmótsins. Pröstur opnaði á 1♣ og Steinar Jónsson í vestur kom inn á 1♠. Nokkru síðar spilaði Steinar út ♦9 gegn 6G.

Pröstur tók alla láglitaslagina og skildi eftir þrjú spil heima, ♠K og ♥Á8. Steinar varð að halda í ♥Kx og fór því niður á ♠Á blankan. Að uppstillingu lokinni kýldi Pröstur á spaða og fékk tólfta slaginn á ♥D blinds.

Þraut 83

S-Allir / Sveitakeppni

Norður (þú)

♠ 976

♥ DG94

♦ 732

♣ 1052



Vestur	Norður	Austur	Suður
—	—	—	1 ♠ ¹
pass	?		

(1) Standard.

Og sögnin er . . . ?

83. Eftirmálinn

22.7 2014

Norður

♠ 976
♥ DG94
♦ 732
♣ 1052

Vestur

♠ G3
♥ K108732
♦ DG106
♣ D

Austur

♠ 84
♥ 65
♦ K954
♣ ÁKG74

Suður

♠ ÁKD1052
♥ Á
♦ Á8
♣ 9863

Suður spilar 4♠.

Tony Forrester skammar spilafélaga sína af mikilli list ef þeir fara út af sagnsporinu og vísar í lærdar bækur eftir sjálfan sig máli sínu til áréttingar. En stundum gerir hann hluti sem erfitt er að skilja. Forrester var í norður og fórnarlamb hans til áratuga, Andy Robson, leyfði sér opna á 1♠ í suður. Vestur sagði pass, en hvað gerði Forrester í norður?

Hann sagði 2♠. Austur passaði og Robson stökk í 4♠. Út kom ♣D, yfirdrepin og þrír slagir teknir á lauf. Fjórða laufið tryggði vörninni slag á ♠G og enn einn slagur á tígul lak út í lokin. Tveir niður. Það má ímynda sér samræðuna við borðið eftir spilið:

Andy: „Var þetta of mikið meldað hjá mér?“

Tony: „Hvað heldur þú? Ég stakk upp á átta slögum og þú stakkst upp á tíu. Þú fékkst átta slagi. Þú getur reiknað dæmið sjálfur.“

Andy: „Sorry.“

Sókn er besta vörnin í eftirmálanum.

Þraut 84

S-AV / Sveitakeppni

Vestur (þú)

♠ Á732

♥ K654

♦ —

♣ 109865



Vestur	Norður	Austur	Suður
—	—	—	1 ♦ ¹
pass	4 ♣ ²	pass	4 ♥ ³
pass	4 G ⁴	pass	5 ♣ ⁵
pass	6 ♦	allir pass	

- (1) Standard.
- (2) Eyða í laufi, slemmuáhugi.
- (3) Fyrirstaða.
- (4) Lykilspilaspurning fyrir utan lauf.
- (5) Ekkert lykilspil.

Hvert er útspilið?

84. Dauft sagneyra

8.8 2014

Norður

♠ DG5

♥ ÁDG108

♦ ÁKD32

♣ —

Vestur

♠ Á732

♥ K654

♦ —

♣ 109865

Austur

♠ K1084

♥ 9732

♦ 5

♣ G732

Suður

♠ 96

♥ —

♦ G1098764

♣ ÁKD4

Suður spilar 6♦.

„Hefur maðurinn ekkert sagneyra?“ Ólíkindatólið Joe Silver hlífir engum. Þessi gamli landsliðsmaður Kanada skráir sig sem viðvaning á Bridgebase, en er með allt á hreinu þegar hann tjáir sig um spilamennsku annarra. Hagar sér eins og „viceguy“ en ekki „novice“. Hann sat við spjallborðið á BBO og horfði á Helness og Helgemo melda upp í 6♦ gegn Fisher og Schwartz.

Helgemo vakti á 1♦ og Helness flaug beint í 4♣ til að lýsa yfir eyðu og slemudraumum. Framhaldið var 4♥ í suður (fyrirstaða), 4G í norður (spurning um ása fyrir utan lauf), svar á 5♣ (enginn ás) og 6♦. Ekkert til að hrópa húrra fyrir og öllum skýrendum á BBO þótti einboðið að Ron Schwartz í vestur myndi spila út spaða. „Nema hvað?“ sagði Silver: „EKKI trompar maðurinn út.“

En Schwartz heyrði ekki tómahljóðið í spaðalitnum og kom út með hjarta.

Þraut 85

V-Allir / Sveitakeppni

Vestur (þú)

♠ 93

♥ Á43

♦ ÁD642

♣ G53



Vestur	Norður	Austur	Suður
1 ♦	3 ♠ ¹	pass	3 G
pass	pass	dobl	allir pass

(1) Hindrun.

Hvert er útspilið?

85. Veikindi

6.9 2014

Norður

♠ ÁD108765

♥ 72

♦ 103

♣ 82

Vestur

♠ 93

♥ Á43

♦ ÁD642

♣ G53

Austur

♠ K

♥ K985

♦ G987

♣ K764

Suður

♠ G42

♥ DG106

♦ K5

♣ ÁD109

Suður spilar 3G dobluð.

„Er hann veikur?“

Pólverjinn ungi, Jacek Kalita, lá fram á borðið og bærði ekki á sér.

„Nei, nei – hann er að hugsa um útspilið.“

Kaltia vakti á 1♦ í vestur. Hollendingarnir Drijver og Brink eru kaldir karlar og þeir voru komnir í 3G áður en við var lítið: Drijver stökk í 3♠ og Brink sagði 3G. „Bíddu stund,“ hugsaði Michal Novosadzki með sína 10 punkta í austur og doblaði. Allir pass og Kalita lak fram á borðið: „Hvar í andskotanum á ég að koma út?“

Loks valdi hann lítið lauf – kóngur og ás. Brink svínaði ♠D og Novosadzki skipti öskuvandað yfir í ♦G. Spilið stefndi í fjóra niður. En Kalita hélt að makker ætti ♦Gx. Hann drap ♦K suðurs og spilaði SPAÐA!?

Brink sá nú framan í átta slagi og tók þann níunda með skítugu þvingunarinnkasti í lokin. Og þá varð Kalita fyrst veikur fyrir alvöru.

Þraut 86

N-Allir / Tvímenningur

Norður

♠ 7

♥ Á7

♦ ÁD1063

♣ G10864

Útspil: ♥2



Suður (þú)

♠ ÁD1093

♥ KDG6

♦ K52

♣ K

Samningur: 6G.

Eftir opnun norðurs á 1♦ sættir suður sig ekki við neitt minna en slemmu og velur gröndin í ljósi keppnisformsins.

Hvernig á að spila eftir hjarta út?

86. Kínversk slemma

30.10 2014

Norður

♠ 7
♥ Á7
♦ ÁD1063
♣ G10864

Vestur

♠ 8652
♥ 108542
♦ 97
♣ D3

Austur

♠ KG4
♥ 93
♦ G84
♣ Á9752

Suður

♠ ÁD1093
♥ KDG6
♦ K52
♣ K

Suður spilar 6G.

Undarlegt en satt – eina útspilið sem hnekkir 6G er ♣3 frá drottningu annarri. Sá byrjunarleikur er þó ekki til í nokkurri bók og fannst enda hvergi í opna tvímenninum á Rauðbolaleikunum í Kína. Var þó slemma víða sögð. En hver er vinningsleiðin, til dæmis hjarta út?

Margir reyndu þjófabragðið: tóku útspilið á ♥Á og spiluðu lúmsku laufi á kónginn í öðrum slag. Ef austur dúkkar (og það sást) er nóg að svína í spaða til að ná í tólf slagi. Einnhver reyndi þetta víst gegn Fantoni, sem var ekki höndum seinni að stinga upp ♣Á og spila meira laufi.

Mark Horton, ritstjóri mótsblaðsins, segist hafa leitað, en engan fundið sem vann slemmuna á heiðarlegan hátt. „Maður þarf *bara*,“ segir Horton, „að taka alla rauðu slagina, svína ♠10 og spila svo austri inn á laufásinn, sem nú er blankur.“

Stiklusteinsþvingun.

Prout 87

S-NS/ Sveitakeppni

Norður (þú)

♠ 932

♥ DG975

♦ G75

♣ 96



Vestur	Norður	Austur	Suður
—	—	—	1 ♥
1 ♠	?		

Hvað á norður að gera?

87. Gunnar greifi

13.11 2014

Norður

- ♠ 932
- ♥ DG975
- ♦ G75
- ♣ 96

Vestur

- ♠ ÁK764
- ♥ —
- ♦ D842
- ♣ DG53

Austur

- ♠ DG108
- ♥ K42
- ♦ 96
- ♣ 8742

Suður

- ♠ 5
- ♥ Á10863
- ♦ ÁK103
- ♣ ÁK10

Suður spilar 4♥.

Gunnar Hallberg er fæddur Svíi og alinn þar í landi fram á miðjan aldur. En fyrir um það bil tveimur áratugum tók hann sig upp og flutti yfir hafið til Englands. Tilgangurinn var sá að gerast atvinnumaður í brids. Nú er hann kominn á efri ár og lifir eins og greifi: spilar í enska öldungalandsliðinu á alþjóðamótum og leikur sér í rúbertunni þess á milli.

Gunnar nálgast spilið út frá hagsmunum – gerir það sem virkar vel og lætur vísindi og fagurfræði liggja á milli hluta. Hann var í norður. Makker hans vakti á 1♥ og vestur kom inn á 1♠. Hver er nú hin praktíska sögn?

Gunnar sagði eitt grand! „Til að draga út þeim kjarkinn.“ Austur lét 2♠ duga, suður doblaði til úttektar, vestur passaði og Gunnar stökk í 4♥. Allir pass og 10 slagir (620).

Á hinu borðinu fórnðu A-V í 4♠, tvo niður (300).

Þraut 88

A-NS / Sveitakeppni

Vestur (þú)

♠ 84

♥ K8

♦ ÁD852

♣ Á1093



Vestur	Norður	Austur	Suður
—	—	3 ♠	4 ♥
4 ♠	dobl	pass	pass
?			

Hver er sögnin?

(Ertu sammála 4♠?)

88. Pókerspilarinn

27.11 2014

Norður

♠ ÁD5
♥ 1032
♦ G73
♣ K864

Vestur

♠ 84
♥ K8
♦ ÁD852
♣ Á1093

Austur

♠ K109762
♥ 54
♦ 10
♣ DG52

Suður

♠ G3
♥ ÁDG976
♦ K964
♣ 7

Suður spilar 5♥ dobluð.

Ætli Þjóðverjinn Josef Piekarek spili póker í frístundum? Það lítur út fyrir það.

Piekarek var í vestur. Makker hans við hinn borðs-endann (Alexander Smirnov) vakti á 3♠ í blæðandi stöðu – í fyrstu hendi, utan gegn á hættu. Suður (Agustin Madala) kom inn á 4♥, Piekarek sagði 4♠ og norður (Norberto stóri Bocchi) doblaði. Pass, pass og REDOBL!

Það er talin góð taktík í póker að yfirbjóða (reisa) í vafa. Þá eru tveir vinningsmöguleikar: annar er sá að spilin séu betri, hinn að andstæðingurinn gefist upp (hendi). Redoblið hefur sama tilgang hér. Piekarek reiknar með að 4♠ sé 50% spil og er alveg til í að auka umsetninguna á jöfnum líkum. Og svo er það hitt: NS gætu runnið af hólmi og þá er hann með 100% vinningshönd.

Madala flúði: sagði 4G og spilaði á endanum 5♥ dobluð, 800 niður. Fjórir spáðar fara 1-2 niður.

Þraut 89

A-AV / Butler-tvímennitur

Norður

♠ Á974

♥ 10

♦ D10532

♣ 732

Útspil: ♣ Á



Suður (þú)

♠ D6

♥ ÁKDG8542

♦ —

♣ G86

Vestur	Norður	Austur	Suður
—	—	pass	4 ♥
dobl	allir pass		

Vestur tekur þrjá fyrstu slagina á ♣ Á-K-D.
Austur fylgir lit.

Vestur íhugar framhaldið smá stund, leggur svo niður ♦ Á.

Yfir til þín.

89. Yfirfærsla

27.11 2014

Norður

♠ Á974

♥ 10

♦ D10532

♣ 732

Vestur

♠ KG85

♥ 9

♦ ÁG94

♣ ÁKD4

Austur

♠ 1032

♥ 763

♦ K876

♣ 1094

Suður

♠ D6

♥ ÁKDG8542

♦ —

♣ G86

Suður spilar 4♥ dobluð.

Þeir voru margir Sunnlendingarnir sem spiluðu 4♥ dobluð. Flestir fóru niður. Raunar allir nema Hjálmar S. Pálsson. Hann einn fékk tíu slagi. Hvernig fór hann að því?

Spilið er frá Íslandsmótinu í Butler-tvímenni, dagsmóti, sem Guðmundur Snorrason og Kjartan Ásmundsson unnu nokkuð sannfærandi. Hjálmar var ekki meðal efstu manna í þetta sinn, en hann eignaðist góða minningu frá mótinu – yfirfærsluþvingun á Aðalstein Jørgensen.

Aðalsteinn tók þrjá fyrstu slagina á lauf og spilaði svo ♦Á eftir nokkra yfirvegum. Hjálmar trompaði, spilaði hjarta á tíuna og ♦D úr borði! Hugmynd Hjálmars var skýr: að yfirfæra tígulvaldið og þvinga vestur síðan í hörðu litunum með ♠K og ♦G.

Sverrir Gaukur Ármannsson í austur sá hvað var í undirbúningi og dúkkaði ♦D dúnmjúkt. En Hjálmar var trúr sannfæringu sinni og henti spaða heima. Tíu slagir.

Þraut 90

N-Allir / Sveitakeppni



Austur (þú)

♠ G3

♥ D108763

♦ G

♣ G974

Vestur	Norður	Austur	Suður
—	1 ♦ ¹	pass	1 ♠
pass	3 ♠	pass	4 G ²
pass	5 ♦ ³	pass	5 ♥ ⁴
pass	6 ♠ ⁵	?	

(1) Standard.

(2) Lykilspilaspurning.

(3) Eitt lykilspil.

(4) Spurning um trompdrottningu.

(5) Játar spaðadrottningunni.

Um hvað ertu að hugsa?

90. Hugmyndaríkt dobl

3.2 2015

Norður

♠ KD74

♥ K

♦ KD9762

♣ D2

Vestur

♠ 106

♥ G42

♦ 10854

♣ Á1053

Austur

♠ G3

♥ D108763

♦ G

♣ G974

Suður

♠ Á9852

♥ Á95

♦ Á3

♣ K86

Suður spilar 6G.

Sviinn Peter Bertheau hefur vökult auga fyrir tæki-færum. Hann sat í austur og fylgdist með mótherjunum melda eðlilega upp í spaðaslemmu:

Norður vakti á 1♦, fékk svar á 1♠ og sagði 3♠ næst til að sýna 15-17 punkta og ójafna skiptingu. Suður tók þá stjórnina, spurði um lykilspl, frétti af einu (spaðakóng) og stökk í 6♠. Rökréttar sagnir og góður samningur. En þá setti Bertheau strik í reikninginn með því að DOBLA!

Doblið biður um tígul út – fyrsta lit blinds. Venjulega liggur eyða að baki slíku útspilsdobli en Bertheau hugsaði fram í tímann. Sagnir bentu til að makker ætti ás og ef sá ás var í tígli eða trompi var nauðsynlegt að spila út tígli.

Suður (Tom Hanlon) breytti í 6G og vann þann samning, þökk sé mikilvægri tígulniú í norður (Hanlon tók á ♦ Á og svínaði níunni næst).

En sú ólánlega niðurstaða skyggir ekki á fegurð doblsins.

Þraut 91

S-NS / Tvímennigur

Norður

♠ K103

♥ K54

♦ KDG6

♣ K82

Útspil: ♣4



Suður (þú)

♠ 76

♥ ÁD72

♦ Á1094

♣ ÁDG

Vestur	Norður	Austur	Suður
—	—	—	1 G
pass	3 G	allir pass	

Vestur kemur út með fjórða hæsta laufið sitt.

Hvernig viltu spila?

91. Persónuleikapróf

10.2 2015

Norður

♠ K103
♥ K54
♦ KDG6
♣ K82

Vestur

♠ ÁG54
♥ 963
♦ 3
♣ 106543

Austur

♠ D982
♥ G108
♦ 8752
♣ 97

Suður

♠ 76
♥ ÁD72
♦ Á1094
♣ ÁDG

Suður spilar 3G.

Tíu slagir eru á borðinu, en þetta er tvímenningur og hver yfirlagur vegur þungt. Hvernig á að spila með laufi út?

Á endanum snýst allt um spaðakónginn – hvort og þá hvenær eigi að reyna að gera sér mat úr kóngsa. Þrennt kemur til greina. (A) Spila strax spaða á kónginn í öðrum slag. (B) Innleysa öruggu slagina og spila loks spaða í lokastöðunni. (C) Þreifa fyrir sér í rauðu litunum og taka ákvörðun um spaðann eftir afköstum mótherjanna.

Þú getur litið á þetta sem persónuleikapróf. Ertu ófyrirleitinn lukkuriddari (A), heiðarleg heybrók (B), eða þá útsmoginn tækifærissinni (C)?

Spilið er frá tvímenningi Bridshátíðar. Norðmaðurinn Boye Brogeland var við stýrið á Bridgebase og hann spilaði strax spaða á kónginn og fékk tólf slagi.

Greinilega A-maður.

Þraut 92

V-AV / Sveitakeppni



Suður (þú)

♠ KG1085

♥ 4

♦ G863

♣ 854

Vestur	Norður	Austur	Suður
1 ♦ ¹	2 ♦ ²	4 ♠ ³	?

- (1) Standard.
- (2) Hálitir (Michaels).
- (3) Stuttur spaði og tígulsamþykkt (splinter).

Þú vilt vera með, en hvernig?

92. Hrekkjusvínið

10.3 2015

Norður

♠ D97642

♥ Á98632

♦ —

♣ D

Vestur

♠ Á3

♥ G7

♦ KD754

♣ ÁG72

Austur

♠ —

♥ KD105

♦ Á1092

♣ K10963

Suður

♠ KG1085

♥ 4

♦ G863

♣ 854

Suður spilar 5♠ doblaða.

Tony Forrester er meinstríðinn náungi að eðlisfari og sá eiginleiki á það til að birtast í sögnum. Tony var með suður-spilin í leik við enska kvennalandsliðið í Lederer-keppninni fyrir skömmu. Makker hans og marghrakið fórnarlamb er Andy Robson, en andstæðingarnir Liz McGowan og Sam Punch.

Allt byrjaði þetta með saklausri tígulopnun Liz í vestur. Andy sýndi hálitina með 2♦ (Michaels) og Sam stökk í 4♠ – flís (splinter) í leit að tígulslemmu. Komið að hrekkjusvíninu Tony. Hvað gerði gæinn?

Hann sagði 5♥ – já, fimm HJÖRTU. Pass og pass til austurs. Sam stóð til boða að passa líka og taka inn 150 fyrir þrjá niður, en metnaður hennar stóð til hærri hluta og hún doblaði. Forrester breytti í 5♠ og þá doblaði Liz.

Ellefu slagir og 650 í NS. Hinum megin spiluðu Dhondy og Draper 6♦, einn niður.

Þraut 93

S-NS / Sveitakeppni

Norður (þú)

♠ 97

♥ ÁK5

♦ G876532

♣ 8



Vestur	Norður	Austur	Suður
—	—	—	1 ♦ ¹
3 ♣ ²	?		

(1) Standard, getur verið þrilitur.

(2) Venjuleg hindrun.

Hvað viltu segja?

93. Meðalhófið

13.3 2015

Norður

♠ 97
♥ ÁK5
♦ G876532
♣ 8

Vestur

♠ G65
♥ 764
♦ 4
♣ ÁD10765

Austur

♠ K843
♥ G32
♦ 109
♣ K932

Suður

♠ ÁD102
♥ D1098
♦ ÁKD
♣ G4

Suður spilar 6♦.

Samkvæmt gamaldags Standardfræðum verður að opna á tígli með þrilit ef skiptingin er nákvæmlega $4=4=3=2$. Ensku landsliðsmennirnir David Gold og David Bakhshi eru á þessari línu og því vakti Gold í suður á tígli með 18 punkta og þrjá efstu blanka. Vestur sagði 3♣ og Bakhshi átti leikinn.

Bakhshi valdi góða sögn – stökk í 4♦. Sögnin er í anda Aristótelesar, meðalhóf tveggja öfuga. Það væri full tilprifa-lítið að segja bara 3♦ og alltof aðþrengjandi að stökkva beint í fimm. Meðalhófið 4♦ sýnir styrkinn réttilega og skilur eftir rými til rannsókna. Lokaspretturinn var hreinlegur: Gold sagði 4♠, Bakhshi 5♣ og Gold 6♦. Tólf auðveldir slagir.

Spilið kom upp í Lederer-mótinu í leik við Íslandsvininn Janet De Botton. Á hinu borðinu vakti suður á nútímalegu laufi, sem getur innihaldið lengri tígul. Vestur sagði 3♣ og norður pass. Það var afleit byrjun á slemmuleit og sagnir dóu á endanum í 5♦.

Þraut 94

S-Allir / Sveitakeppni

Norður

♠ KD

♥ 76

♦ ÁG632

♣ D642

Útspil: ♣7



Suður (þú)

♠ G108

♥ KG93

♦ KD97

♣ Á9

Vestur	Norður	Austur	Suður
—	—	—	1 G
pass	3 G	allir pass	

Vestur kemur út með fjórða hæsta laufið og þitt verkefni er að taka níu slagi.

Er það erfitt?

94. Venus

14.3 2015

Norður

♠ KD

♥ 76

♦ ÁG632

♣ D642

Vestur

♠ 976

♥ ÁD8

♦ 84

♣ K10875

Austur

♠ Á5432

♥ 10542

♦ 105

♣ G3

Suður

♠ G108

♥ KG93

♦ KD97

♣ Á9

Suður spilar 3G.

Hvað á 11-reglan sameiginlegt með þeim sið að spila út fjórða hæsta í lengsta lit? Nú, það sama og Morgunstjarnan og Kvöldstjarnan – tvö nöfn yfir sama fyrirbærið.

Vestur spilar út ♣7 (fjórða hæsta) gegn 3G. Samkvæmt 11-reglunni er tölugildi útspilsins dregið frá 11 og þá fæst út fjöldi hærri spila á hinum höndunum. Sem sagt: $11-7=4$ spil fyrir ofan sjöu í norður, austur og suður.

Setjum okkur í spor austurs. Hann sér eitt spil fyrir ofan sjöu í borði (♣D) og eitt hjá sér (♣G). Hann veit þá að suður á tvö spil hærri sjöunni. Hvað græðir hann á því?

Nákvæmlega ekkert. En það gerir sagnhafi hins vegar. Hann veit að austur á eitt spil fyrir ofan sjöu og það getur varla verið kóngurinn, því þá ætti vestur ♣G1087(x) og hefði komið út með *gosann*. Þess vegna stakk David Gold upp ♣D og sótti sér tvo slagi á spaða.

Skotinn Matheson klikkaði í sömu stöðu (lét lítið lauf úr borði) og fór einn niður.

Þraut 95

S-Enginn / Sveitakeppni

Norður

♠ ÁD1042

♥ D5

♦ KDG6

♣ D2

Útspil: ♠G



Suður (þú)

♠ K8

♥ 10

♦ Á95

♣ K976543

Vestur	Norður	Austur	Suður
—	—	—	2 ♣ ¹
4 ♥	dobl	pass	5 ♣
allir pass			

(1) Lauflitur 11-15 HP (Precision).

Hvernig viltu spila?

95. Gaffall Mortons

27.3 2015

Norður

♠ ÁD1042

♥ D5

♦ KDG6

♣ D2

Vestur

♠ G3

♥ KG987643

♦ 84

♣ 8

Austur

♠ 9765

♥ Á2

♦ 10732

♣ ÁG10

Suður

♠ K8

♥ 10

♦ Á95

♣ K976543

Suður spilar 5♣.

Eric Greco stóð sig eins og hetja í þessu spili. Hann sat í suður og vakti á 2♣, Precision. Agustín Madala í vestur stökk í 4♥, Geoff Hampson doblaði, Norberto Bocchi í austur sagði pass og Greco tók út í 5♣. Allir pass og ♠G út.

Hvernig á spila?

Þetta var í úrslitaleik Vanderbilt, síðustu lotunni. Hinum megin spilaði Zia líka 5♣ og fékk út tígul. Hann drap heima og henti strax hjarta niður í háspaða. Það var ekki leiðin til lífsins, því vestur trompaði með stakri áttu og síðan fékk austur tvo slagi á tromp. Einn niður.

Greco fór aðra leið. Hann tók fyrsta slaginn á ♠D í borði og spilaði *litlu* laufi undan drottningunni. Við því á austur ekkert svar: Austur fórnar trompslag með því að fara upp með ásinn, og ef hann dúkkar vinnst tími til að henda niður hjarta.

„Mortons fork“ heitir bragðið á alþjóðamálinu.

Þraut 96

S-Allir / Sveitakeppni

Vestur (þú)

♠ K4

♥ ÁD10963

♦ ÁK9

♣ Á6



Vestur	Norður	Austur	Suður
—	—	—	4 ♦
4 ♥	pass	pass	4 ♠
dobl	5 ♣	pass	5 ♦
dobl	allir pass		

Sagnir eru blátt áfram, þannig séð.

Allt eðlilegt.

Þitt er að spila út.

96. Útsýnisferð

7.4 2015

Norður

♠ ÁD6

♥ K4

♦ 4

♣ KDG10873

Vestur

♠ K4

♥ ÁD10963

♦ ÁK9

♣ Á6

Austur

♠ 1092

♥ G8752

♦ 10

♣ 9542

Suður

♠ G8753

♥ —

♦ DG876532

♣ —

Suður spilar 5♦ doblaða.

Eftir þrjár lotur af fjórum alls leit út fyrir léttan sigur Mónakó á Assael-sveitinni í 8-liða úrslitum Vanderbilt. Við höfum þegar séð tvö spil úr leiknum, þar sem Helgemo var í miklu stuði og mokaði inn stigum. En í fjórðu lotunni varð honum allt að ógæfu. Hann fór niður á geimi sem mátti vinna, missti annað og – síðast en ekki síst – gaf doblað geim með ógætilegu útspili.

Liðsmaður Assael, Ítalinn Antonio Sementa, hélt á sérkennilegum spilum í suður og vakti á 4♦ í fyrstu hendi. Helgemo kom inn á 4♥ – pass, pass og 4♠ hjá Sementa. Helgemo doblaði, Mustafa Cem Tokey í norður stakk upp á 5♣, sem Sementa breytti í 5♦ og Helgemo doblaði þreytulega. Þetta leit út fyrir að vera mikil veisla og Helgemo lagði niður ♦Á til að „kíkja á blindan“.

Sú útsýnisferð kostaði spilið og leikinn.

Þraut 97

S-Enginn / Sveitakeppni

Norður

♠ K64

♥ 843

♦ Á8752

♣ G5

Útspil: ♥5



Suður (þú)

♠ ÁD10

♥ ÁG

♦ KG10

♣ KD876

Þú spilar 3G og færð út ♥5 – fjórða hæsta.
Austur lætur ♥K.

Hvernig hyggstu spila?

(A-V hafa ekkert sagt.)

97. Sorglegur endir

22.4 2015

Norður

- ♠ K64
- ♥ 843
- ♦ Á8752
- ♣ G5

Vestur

- ♠ 9732
- ♥ D10752
- ♦ D4
- ♣ 92

Austur

- ♠ G85
- ♥ K96
- ♦ 963
- ♣ Á1043

Suður

- ♠ ÁD10
- ♥ ÁG
- ♦ KG10
- ♣ KD876

Suður spilar 3G.

Á að fara í tígulinn eða laufið? Sú spurning blasir við sagnhafa strax í upphafi spils.

Hvernig sem sagnir þróast er lendingin óhjákvæmilega 3G í suður og útspilið jafn óhjákvæmilega ♥5 – fjórða hæsta í lengsta lit. Þannig gekk það til á langflestum borðum í undankeppni Íslandmótsins. Austur lætur kónginn og nú þarf suður að taka ákvörðun. Tígull eða lauf?

Ef hjörtu varnarinnar skiptast 4-4 er óhætt að sækja laufásinn áður en lengra er haldið. En ef hjartað er 5-3 verður að spila tígli í von um fimm slagi þar í hvelli. Verst að vita ekki hvernig hjartað skiptist.

Jón Baldursson ákvað að kanna það mál. Hann *dúkkaði* hjartakónginn! Austur spilaði ♥9 til baka og vestur lét ♥2 undir ásinn. Þar með var hjartalegan upplýst og Jón lagði til atlögu við tígulinn.

Það er svo annað mál og sorglegra að hann fann ekki ♦D og fór tvo niður.

Þraut 98

N-NS / Tvímennigur

Norður

♠ ÁG7
♥ Á8543
♦ 984
♣ 102

Útspil: ♣3



Suður (þú)

♠ K64
♥ K972
♦ Á103
♣ ÁK4

Vestur	Norður	Austur	Suður
—	pass	pass	1 G ¹
pass	2 ♦ ²	pass	3 ♥ ³
pass	4 ♥	allir pass	

(1) 15-17.

(2) Yfirfærsla.

(3) Ofurstuðningur og hámark.

Útspilið er ♣3 (þriðja/fimmta) og austur lætur ♣D.

Hvernig viltu spila?

98. Ameríkuferðir Júlía

12.5 2015

Norður

♠ ÁG7
♥ Á8543
♦ 984
♣ 102

Vestur

♠ 853
♥ D
♦ KG72
♣ G8653

Austur

♠ D1092
♥ G106
♦ D65
♣ D97

Suður

♠ K64
♥ K972
♦ Á103
♣ ÁK4

Suður spilar 4♥.

Undanfarin ár hefur Júlíus Sigurjónsson gert sér tíðar ferðir vestur um haf til að spila „prófessionelt“ í bandarískum mótum, stórum sem smáum. Stundum spilar hann við Michael Kamil, þekktan heimamann, stundum við sænska bragðarefinn Peter Fredin, sem er góðvinur Júlía.

Fredin hreifst af handverki Júlíusar í spílinu að ofan. Júlíus stýrði 4♥ úr suðursætinu í tvímenningi og andstæðingarnir voru ekki af verri endanum, Ítalinn Norberto Bocchi og Pólverjinn Krzysztof Martens. Útspil Bocchis var ♣3 og drottning frá Martens.

Júlíus drap með ás – hugsaði sig um í tvær sekúndur – spilaði síðan lauffjarka á tíuna í borði! Og sjálfur Norberto dúkkaði, handviss um að makker hans í austur ætti kónginn.

„Fallegasta spil sem ég hef nokkurn tíma augum litið,“ sagði Fredin. Bætti svo við í hálfum hljóðum: „Sem einhver annar en ég hefur spilað.“

Þraut 99

V-Allir / Sveitakeppni



Suður (þú)

♠ 6

♥ ÁK1043

♦ G5

♣ KD1075

Vestur	Norður	Austur	Suður
2 ♠ ¹	dobl	4 ♠	?

(1) Veikir tveir.

Hvað viltu segja?

99. Gafflaður

23.5 2015

Norður

♠ K2
♥ D762
♦ Á982
♣ Á43

Vestur

♠ ÁDG1075
♥ G5
♦ 76
♣ G92

Austur

♠ 9843
♥ 98
♦ KD1043
♣ 86

Suður

♠ 6
♥ ÁK1043
♦ G5
♣ KD1075

Suður spilar 6♥.

„Ég var gafflaður í fyrsta slag.“ Geoff Hampson kom strax auga á kjarna málsins og skýrandinn á BBO var vel með á nótunum. Þetta var í úrslitaleik Diamonds og Firemans í bandarísku landsliðkeppninni.

Hampson sat í vesturáttinni og spilaði út ♠ Á gegn *fimm* hjörtum. Sagnhafi var Gavin Wolpert og hann lagði fljótlega upp tólf slagi, súr á svip. „Alltaf slemma á borðinu,“ ítrekaði Hampson: „Ef ég kem út með tígul fara spaðar blinds niður í lauf. Gaffall Mortons.“

Laukrétt, auðvitað. Slemma er óhnekkjandi og Wolpert vissi það vel. Wolpert vissi líka að sökin var hans. Hann hafði meldað of lítið. Hampson vakti á 2♠, Paul Fireman í norður doblaði, Eric Greco stökk 4♠ og Wolpert lét 5♥ duga.

Hinum megin sagði John Diamond 5G í sömu stöðu með skilaboðunum „pick a slam, partner“. Norður sagði 6♦ og Diamond 6♥. Tólf gaffalbitar.

Þraut 100

S-AV / Sveitakeppni

Norður

♠ G8642

♥ K982

♦ 108

♣ 76

Útspil: ♦D



Suður (þú)

♠ ÁD10973

♥ Á643

♦ —

♣ Á52

Vestur	Norður	Austur	Suður
—	—	—	1 ♠
pass	3 ♠	4 ♦	4 ♥
5 ♦	5 ♠	pass	pass
dobl	allir pass		

Þú endar í 5♠ dobluðum eftir snarpa sagnbaráttu.

Þú trompar tígulútspilið en . . .

. . . hvað svo?

100. Blaðaspil

28.5 2015

Norður

♠ G8642

♥ K982

♦ 108

♣ 76

Vestur

♠ K

♥ DG75

♦ DG65

♣ DG84

Austur

♠ 5

♥ 10

♦ ÁK97432

♣ K1093

Suður

♠ ÁD10973

♥ Á643

♦ —

♣ Á52

Suður spilar 5♠ doblaða.

Fyrri leikur Íslands við Dani var sýndur beint á BBO og hugsanlega hafði það nokkur áhrif á spilamennsku hins unga Dennis Bilde. Hann er ekki ósvipaður Zia – í stöðugri leit að stórbrotnu blaðaspili.

Dennis vakti á 1♠ í suður og faðir hans og makker, Morten Bilde, stökk hindrandi í 3♠. Bjarni Einarsson kom inn á 4♦, Dennis sagði 4♥ og Aðalsteinn Jörgensen 5♦. Morten sagði 5♠ – pass, pass og dobl hjá Aðalsteini.

Útspilið var tígull. Dennis trompaði, hugsaði sig aðeins um, fór svo út með *spaðadrottningu!*? Hugmyndin var að blekkja Aðalstein til að dúkka með ♠K5 af ótta við blankan ás í austur. En Jörgi lét ekki plata sig og drap eldsnöggt á spaðakónginn. Einn niður.

Jón Baldursson spilaði líka 5♠ á hinu borðinu eftir svipaðar sagnir. Jón var ódoblaður og lagði vongóður niður ♠Á í öðrum slag. Uppskeran: 450 og 11 impar.